

Frikirkjan í mestu upphaldi

• fasteignir • hús

Í MIDJU BLAÐSINS ▶



Nýr sjónvarpsþáttur á Skjá einum

• úr fréttum í fasteignir

SÍÐA 26 ▶



Vera heldur uppi merkinu

• stofnað árið 1982

SÍÐA 16 ▶



Stjarnan lauk keppni um helgina

• tapaði stórt fyrir pólsku liði

SÍÐA 18 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

21. febrúar 2005 – 49. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

MÁNUDAGUR



GYÐINGAR FARA FRÁ GAZA Ríkisstjórn Ísraels samþykkti á fundi í gær áætlun Ariels Sharon, forsætisráðherra landsins, um brottflutning hermanna og gyðinga frá Gaza-svæðinu og Vesturbakkanum. **Sjá síðu 2**

TEKNIR MED FÍKNIEFNI Átta menn innan við títugt voru teknir með fíkniefni í fórum sínum á Akureyri á laugardag. Lögregluvarðstjóri merkir aukna fíkniefnanotkun í bænum. **Sjá síðu 2**

ÞRIÐJI SONURINN Victoriu og David fæddist sonur á Ruber Internacional-sjúkrahúsinu í Madrid í gær. Þetta er þriðji sonur þeirra hjóna og hefur hann hlotið nafnið Cruz. **Sjá síðu 6**

REKIÐ MED AFGANGI Á síðasta ári var þjóðleikhúsið rekið með 22 milljóna króna afgangi, eftir því sem fram kemur í bráðabirgðauppgjöri frá menntamálaráðuneytinu. **Sjá síðu 10**

VEDRIÐ Í DAG

Hæglætisveður, sist þó á annesjum norðan til


AUSTURLAND Í SÉRFLOKKI Þar fer saman hægviðri, bjartviðri og milt. Hætt við lítilsháttar súld vestan til, annars fínt. Milt um allt land. **Sjá síðu 4**



NORRÆNIR MENN Á GRÆNLANDI Dr. Niels Lynnerup réttarlæknir og mannfræðingur flytur fyrirlestur um hvarf norrænna manna frá Grænlandi. Fyrirlesturinn hefst klukkan 17 í Odda.

Kvikmyndir	22	Myndlist	22
Tónlist	22	Íþróttir	18
Leikhús	22	Sjónvarp	24

Dagblaðalestur á mánudögum*



*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallup, nóv. 2004.

Tveir lækningar sviptir leyfi og 243 kærur

243 kærur og kvartanir bárust til Landlæknisembættisins á síðasta ári. Þá voru tveir lækningar sviptir lækningaleyfi, en ekki vegna einstakra mistaka.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættinu bárust 243 kærur og kvartanir vegna meintra læknamistaka á síðasta ári, að sögn Matthíasar Halldórs-sonar aðstoðarlandlæknis. Um þriðjungur kærumála leiðir til frekari aðgerða. „Rannsóknir í alvarlegri málum þurfa sinn tíma.“



AÐSTOÐAR-LANDLÆKNIR Erindum fer heldur fjölgandi milli ára.

Tveir lækningar voru sviptir lækningaleyfi á árinu, ekki vegna læknamistaka. Sjaldgæft er að

lækningar séu sviptir leyfi vegna einstakra læknamistaka, segir Matthías. Einn til þrjár lækningar missi leyfi árlega. Hann segir sviptingu læknaeyfa oftast vera vegna óreglu, elliglapa eða því um líku. Verði lækningar uppvísir að mistökum fái þeir áminningu áður en leyfi sé afturkallað. „Einstaka óhappatilvik sem upp koma eru ekki nægileg til að svipta menn lífsviðurværinu,“ segir Matthías. Landlæknisembættinu bárust 243 kærur á síðasta ári en um 230 árið á undan. Rannsókn er ekki lokið á öllum þeim kærurum sem bárust: „Rannsókn í alvarlegri málum, þar sem mjög gaumgæflega þarf að athuga málin, þarf sinn tíma. Þetta er svipað og gerist

í öðrum löndum, oft er erfitt að staðfesta að mistök hafi orðið og það gerist reyndar sjaldnast.“ Matthías segir nokkuð um að kærur séu settar fram í von um fjárhagsbætur. „Munurinn á læknamistökum og óhappatilvikum er til staðar,“ segir Matthías. „Undir mistök flokkast það sem á ekki að geta komið fyrir. Óhappatilvik geta verið margs konar, til dæmis þegar tæki bila. Það er alltaf áhætta sem í sumum tilvikum verður ekki komist hjá og ekki er hægt að álasa neinum fyrir. Hafi hins vegar verið ranglega staðið að lækningaverki með hirðuleysi eða gáleysi sem á ekki að eiga sér stað, þá flokkast það undir læknamistök.“

Jarðir teknar eignarnámi: Milljónatuga krafist

EIGNARNÁM Iðnaðarráðuneytið hefur heimilað Landsneti að taka þrjár jarðir á Héraði eignarnámi svo unnt sé að leggja Fljótsdalslínur 3 og 4 frá Kárahnjúkavirkjun til álversins í Reyðarfirði. Ráðuneytið hafnaði hins vegar ósk um eignarnám tveggja jarða til viðbótar og telur að samningar hafi ekki verið reyndir til þrautar. Jarðeigendur fara fram á tugi milljóna króna í bætur fyrir land sem fer undir línur Landsnets. Miklu munar á því sem krafist er og þess sem Landsnet býður.

Spánn: Stjórnarskrá samþykkt

SPÁNN Yfirgnæfandi meirihluti Spánverja samþykkti stjórnarskrá Evrópusambandsins í kosningum, sem fram fóru í landinu í gær, samkvæmt útgönguspám. Talningu var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun en samkvæmt spáskemum fjölmiðlum var yfirgnæfandi meirihluti kjósenda fylgjandi stjórnarskránni. Kjörsoðn var þó dræm og var talið að innan við 50 prósent landsmanna hefðu tekið þátt. ■

Sandgerði: Eldur í skipi

SLÖKKVILIÐ Eldur kom upp við stakkageymslu á milliðekki í skipinu Vali GK-185 í Sandgerðishöfn upp úr klukkan átta í gærkvöld. Skipið var mannlást þegar eldurinn kviknaði. Slökkvilið Sandgerðis og Keflavíkur voru kölluð út. Reynir Sveinsson slökkviliðsstjóri segir eldinn hafa verið heldur mikinn. Kvoða hafi verið notuð til slökkvistarfsins þar sem vatn hafi ekki nægt til slökkvistarfsins. Ekki er vitað um eldsupptök.



ÖSKIRNAR STÍGA TIL HIMINS Kveikt var í svokölluðu óskatré á lóð Hlíðaskóla í gær þegar Vetrahátíð Reykjavíkur lauk. Það er aust-rænn síður að kveikja í óskum til að þær rætist. Pálmi Ásgeirsson, nemandi í 10. bekk skólans, mætti þrúðubúinn á skólalóðina þar sem kveikt var í trénu.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra um hækkunir á fasteignamarkaði: Sáum ekki þessa þróun fyrir

FASTEIGNAVERÐ „Það var ómögulegt að sjá fyrir þróun þessara mála þegar við lögðum hugmyndir okkar fyrst fram,“ segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra. Hann viðurkennir að mögulega sé sannleikskorn í þeim ásökunum að kosningaloforð framsóknarmanna um að auka lánsupphæð íbúðalána í 90 prósent hafi verið upphafið að þeirri holskeflu hækkana á fasteignaverði sem verið hefur undanfarn misseri. Árni segir að engum á þeim tíma hafi dottið í hug að staðan yrði nokkurn tíma sú sem hún er í dag. „Það var fyrirsjáanlegt að breytingar yrðu með hækkandi lánun en



ÁRNI MAGNÚSSON Segir marga samverkandi þætti valda háu fasteignaverði á suðvesturhorni landsins en viðurkennir að mögulega hafi 90 prósentá lánframsóknarflokksins komið skriðunni af stað.

að þær yrðu með þeim hætti sem við sjáum í dag kemur á óvart. Hins vegar eru margir samverkandi þættir sem hafa gert það að verkum að fasteignaverð í dag er að mínu mati bæði óraunhæft og of dýrt. Ábyrgðin liggur að einhverju leyti hjá bönkum landsins en einnig hefur lengi verið skortur á lóðum í nokkrum sveitarfélögum og eðlilega hækkar það verðið líka. Þess utan er þáttur þessara svokölluðu fasteignaheldisala sem samkvæmt fréttum taka til sín milljónir af hverri íbúð og það munar aldeilis um þá upphæð.“

Föstudagar
Esbjerg / Danmörk

591 3000



SPURNING DAGSINS

Helga, fékkstu blóm í gær?

Já, ég fékk sendan blómvönd með sms. Yndislega fallegar rósur. Atlantshafið var á milli mín og sendandans.

Helga Thorberg á blómaverslunina Blómálfinn. Konudagurinn var í gær.

Tillögur Sharons um Gaza samþykktar: Brottlutningur gyðinga hefst í júlí

JERUSALEM. AP Ríkisstjórn Ísraels samþykkti á fundi í gær áætlun Ariels Sharon, forsætisráðherra landsins, um brottflutning hermanna og gyðinga frá Gazasvæðinu og Vesturbakkanum. Brottlutningur mun hefjast í júlí næstkomandi.

„Þetta verður ekki auðveldur dagur en gleðilegur,“ sagði Sharon í upphafi fundarins og bætti við að aðgerðirnar væru nausynlegar fyrir framtíð Ísraels.

Á fundinum sem stóð í fimm klukkustundir greiddu sautján stjórnarmenn atkvæði með tillögum en fimm voru á móti. Í ákvörðuninni felst að átta þúsund

gyðingar búsettir á Gazasvæðinu og þeir hermenn sem hafa verið þar til að verja íbúana munu fá fimm mánaða aðlögunartíma til að yfirgefa svæðið. Fjórar búðir gyðinga á Vesturbakkanum verða líka yfirgefnar. Ísraelar munu stjórnna á landamærum Gaza og hafa eftirlit með strandlengjunni og flughelginni. Brottlutningurinn mun taka átta vikur en þetta er í fyrsta skipti sem Ísraelsmenn hörfa frá landnemabyggðum. ■



ARIEL SHARON
Tillaga Sharons um brottflutning gyðinga frá Gaza var samþykkt í gær með sautján atkvæðum gegn fimm.

Reykjanesbær: Fimmtán ára ölvaður á bíl

LÖGREGLUMÁL Fimmtán ára unglundur var handtekinn af lögreglunni í Keflavík grunaður um ölvun undir stýri. Hann var á bifreiðinni ásamt jafnaldrum sínum. Þeir höfðu stolið bílnum í Reykjanesbæ.

Lögreglan stöðvaði bílinn til að kanna ástand og réttindi ökumannsins og kallaði á forráðamenn hans og farþegans á lögrelustöðina ásamt fulltrúa frá félagsmálayfirvöldum þegar aldur þeirra var ljós. Ungmennin voru látin laus eftir yfirheyrslu. Þau voru kærð fyrir þjófnaðinn.

Bifreiðin var ölast og lykillinn geymdur í öskubakkanum. - gag



BUSH KOMINN TIL BELGIÚ
Flugvél forseta Bandaríkjanna lenti á Zaventem flugvælinum í Brussel í gær.

Bush heimsækir Evrópu:

Vill styrkja böndin

WASHINGTON. AP George Bush Bandaríkjaforseti lagði af stað til Evrópu í gær þar sem hann hyggst styrkja stjórnmalasambönd sem hafa beðið hnekki í Íraksstríðinu.

Forsetinn mun heimsækja Belgíu, Þýskaland og Slóvakíu á fyrstu fimm dögum heimsóknarinnar. Hann mun einnig sitja fundi hjá Sameinuðu þjóðunum og NATO. Þá mun hann halda sérstaka fundi með þeim stjórnmalaleiðtogum sem mest voru á móti Íraksstríðinu, Jacques Chirac Frakklandsforseta, Gerhard Schröder, kanslara Þýskalands og Vladimir Pútín, forseta Rússlands. Bush vill líka ræða afvopnunarmál Írana og þá ákvörðun Evrópuþjóða að afnema 15 ára vopnasölubann til Kína.

Búist er við mótmælum víða þar sem Bush verður á ferð og miklar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar. ■

LÖGREGLUFRETTIR

ÖLVADUR Á MIKLUM HRAÐA Maður rétt um tvítugt var tekinn grunaður um ölvun við akstur á Fagradal milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða í fyrrinótt. Maðurinn var einn í bílnum á 129 kílómetra hraða þegar hann náðist. Hálfka var á vegum. Lögreglan í Borgarnesi tók einnig ungan mann grunaðan um ölvunarakstur í Borgarnesi í fyrrinótt.

Landeigendur krefjast milljónatuga í bætur

Eigendur tveggja jarða í Reyðarfirði krefjast hárra bóta fyrir það land sem fer undir Fljótsdalslínur 3 og 4. Iðnaðarráðuneytið hefur heimilað eignarnám þriggja jarða. Sextán landeigendur höfðu áður samþykkt boðnar bótafjárhæðir.

EIGNARNÁM Iðnaðarráðuneytið hefur heimilað Landsneti að taka þrjár jarðir eignarnámi svo unnt sé að leggja Fljótsdalslínur 3 og 4 en um þær verður rafmagn leitt frá Kárahnjúkavirkjun til álversins í Reyðarfirði. Ráðuneytið hafnaði hins vegar ósk um eignarnám tveggja jarða til viðbótar á þeim forsendum að ekki þætti sýnt að samningar hafi verið reyndir til þrautar.

Eignarnámið nær aðeins til þeirra hluta jarðanna sem línurnar liggja um.

Í úrskurði ráðuneytisins kemur fram að almennar forsendur til eignarnáms séu uppfylltar og þess getið sérstaklega að efnahagsleg áhrif stórframkvæmdanna eystra verði mikil og varði fjölda fólks.

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, vonaðist til að eignarnám tæki til allra jarðanna fimm eins og óskað var en segir farið í samningaviðræður við eigendur jarðanna tveggja af heilindum. Hann býst þó ekki við miklum árangri. „Ég vona auðvitað að samkomulag náist en held að það sé frekar óraunhæft í ljósi þess hvernig mál hafa gengið fyrir sig. Málið er í prinsippinu peningamál og þetta er eingöngu spurning um bætur.“

Þórður segir himin og haf bera



RAFMAGNSLÍNUR LANDSNETS

Fljótsdalslínur 3 og 4 munu liggja frá Kárahnjúkum til Reyðarfjarðar. Þrjár jarðir á Héraði verða teknar eignarnámi en Landsnet mun reyna að ná samkomulagi um bætur við eigendur tveggja jarða í Reyðarfirði.

í milli þess sem jarðeigendur vilja og þess sem fyrirtækið hefur boðið. Hann vill ekki nefna fjárhæðir en segir þær háar. „Þetta

HEIMILT AD TAKA EIGNARNÁMI:

Eyrarteigur
Geirófsstaðir
Langhús

ÓHEIMILT AD TAKA EIGNARNÁMI:

Áreyjar
Seljateigshjáleiga

eru tugir milljóna sem óskað er eftir og það eru alla-vega ekki tugir sem var boðið. Það er óhætt að segja það.“

Matsnefnd eignarnámsbóta mun úrskurða um bætur til eigenda jarðanna sem teknar verða eignarnámi. Nefndin mun líka ákvarða bætur til eigenda jarðanna sem iðnaðarráðuneytið hafnaði eignarnámsbeiðni á, takist samningar ekki.

Guðrún Kjartansdóttir sem býr á Áreyjum vill fátt um málið segja en telur úrskurðinn réttlætismál og skilaboð til manna um að vanda til verka þegar land er tekið af fólki. Áreyjar er annar bæjanna sem ekki verða teknar eignarnámi.

Áður höfðu samningar tekist við eigendur sextán jarða sem línurnar munu líka liggja um. „Bæturnar voru ekki ósanngjarnari en svo að mikill meirihluti tók því sem boðið var,“ segir Þórður Guðmundsson.

bjorn@frettabladid.is



VOPNAÐ RÁN

Tveir vopnaðir menn ógnuðu starfsfólki Arbæjarapóteks á föstudag. Lögreglan er með málið í rannsókn.

Arbæjarapótek:

Tveir teknir en sleppt

LÖGREGLUMÁL Tveir menn um tvítugt voru handteknir í íbúð í austurhluta Reykjavíkurborgar um miðnætti aðfaranótt sunnudags.

Mennirnir hafa áður komið við sögu lögreglu og voru grunaðir um vopnað rán í Arbæjarapóteki um hádegi á föstudag. Þeim var sleppt eftir yfirheyrslu um miðjan dag í gær. Málið er enn í rannsókn.

Tveir menn rændu apótekið klæddir samfestingum og með grímu. Þeir ógnuðu starfsfólkinu með hnífum og höfðu á brott með sér örvandi lyf. Þeir reyndu einnig að opna peningahirslur en tókst ekki. - gag

LÖGREGLUFRETTIR

KÝLDUR Á PORRABLÓTI Dyra-vörður á þorrablótí í Ísafjarðarbæ hefur kært líkamsárás til lögreglu. Maðurinn var kýldur í andliti. Lögreglan veit hver var að verki og á eftir að yfirheyrja manninn. Það verður gert nú í vikunni.

BIFREIÐ EKIÐ Á LJÓSASTAURA Fólksbifreið var ekið á tvo ljósastaura á Drottningarbraut á Akureyri í fyrrinótt. Hvorki öku- maður né farþegi slösuðust. Lögreglan segir ekki vitað um orsök en allt bendi til að ekið hafi verið ógætlega. Bifreiðin er mikið skemmd.

Lögregluvarðstjóri merkir aukna fíkniefnanotkun:

Átta teknir með fíkniefni

LÖGLEGLUMÁL Átta menn innan við tvítugt voru teknir með fíkniefni í fórum sínum á Akureyri á laugar- dag.

Fjórir voru handteknir um kvöldmatarleytið við miðbæ Akureyrar. Þeir vöktu grunsemdir lögreglu og voru með nokkur grömm af hassi og amfetamíni ásamt tækjum og tólum til neyslunnar. Lögreglan yfirheyrði þá og var þeim sleppt að því loknu. Talið er að fíkniefnin hafi verið til einkana- nota og telst málið upplýst, samkvæmt Gunnari Jóhannssyni, varðstjóra lögreglunnar á Akureyri.

Lögreglan tók annan fjögurra manna hóp í kyrrstæðum bíl í út- jaðri bæjarins laust eftir miðnætti. Hópurinn reykti tóbaksblandað hass sem lögreglan náði auk tóla til neyslunnar. Þeir voru látnir lausir að loknum skýrslutökum.



TÓL TIL FÍKNIEFNANEYSLU

Lögreglan á Akureyri hefur tekið fjölda tækja til fíkniefnaneyslu af neytendum. Hér má sjá hluta þeirra sem numin voru um helgina.

Gunnar segist merkja aukna fíkniefnanotkun í bænum. Mjög margir virðist hafa fíkniefni undir

höndum og noti þau. Báðir hóparnir eigi von á refsingu vegna brotanna. - gag

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Subaru Legacy Sedan sjálfskiptur

Verð áður 2.710.000
Verð nú 2.440.000

= 270.000
króna gengishagnaður
LEGACY

Verð á mán 28.267,-*


Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Blasarningur SP-FJARMÖGNUN með 20% vntöngun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ísland er þitt

— vetur, sumar, vor og haust



Himinn og haf / SÍA

Mundu að byrja alltaf á ferdalag.is!

Til að fá sem mest út úr ferðalaginu og fríinu skaltu fara inn á ferdalag.is áður en þú leggur í hann og kynna þér hvað landið þitt hefur upp á að bjóða!

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 18.02.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,73	62,03
Sterlingspund GBP	116,91	117,47
Evra EUR	80,52	80,98
Dönsk króna DKK	10,82	10,88
Norsk króna NOK	9,72	9,77
Sænsk króna SEK	8,86	8,91
Japanskt jen JPY	0,59	0,59
SDR XDR	93,68	94,24

Gengisvísitala krónunnar
110,70 -0,22%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Þorlákshöfn:

Slasast eftir ofsaakstur

LÖGREGLUMÁL Karlmaður um þrjúttugt var fluttur á gjörgæsludeild Landspítala – háskólasjúkrahúss eftir bilveltu innanbæjar í Þorlákshöfn. Hann er ekki í lífshættu að sögn vakthafandi læknis.

Að sögn lögreglunnar í Selfossi sáu vitni manninn aka Óseyrabraut til suðurs á ofsaakraða, þvert yfir Egilsbraut og út á opið svæði í bænum. Þar valt bíllinn nokkrar veltur.

Slysið varð um klukkan tíu í gærmorgun. Fólksbíl sem maðurinn ók var fluttur burt með dráttarbil. Málið verður rannsakað. - gæg

Norður-Kórea:

Japanar vilja yfirráð í Asíu

JAPAN Japanar eru eingöngu í samkrulli við Bandaríkjamenn með það að markmiði að ráða ríkjum í Asíu um alla framtíð að mati ríkis- dagblaðs Norður-Kóreu sem vísar alfarið á bug að þörf sé á viðræðum um vopnæign landsins.

Í blaðinu segir ennfremur að sú ógn sem þessi lönd telji stafa af Norður-Kóreumönnum sé einfaldlega ekki til staðar og því engin þörf á viðræðum eins og margar þjóðir hafa talið brýnt þessa síustu daga. Málið er viðkvæmt og hafa Kínverjar gagnrýnt Vesturlandþjóðir fyrir að blanda sér í það sem þeir vilja meina að sé innanríkismál milli Kína og Norður-Kóreu. ■

LOTTÓ

VANN 25 MILLJÓNIR Vinningurinn í Lottóinu á laugardaginn síðasta var fimmmaldur. Einn var svo heppinn að hafa allar tölur réttar. Sá heppni á því inni vinning upp á 25 milljónir króna.

Konudagurinn var í gær:

Mikil hlýja í loftinu

KONUDAGUR Konudagurinn var í gær og að venju flyktust karlmenn til blómabænda og keyptu glaðning handa elskunni. Sú hefð að gleðja konuna með einhverjum hætti á konudaginn er mun eldri en hefðin að gefa blóm.

„Blómahefðin byrjaði ekki fyrr en um 1950 en þá var úrvalið í blómabúðunum með allt öðru móti en nú er,“ segir Binna í Blómaverkstæði Binna á Skólavörðustíg en hann hefur verslað með blóm í 45 ár eða síðan hann byrjaði 15 ára gamall að læra blómaskreytingar. „Á þessum tíma voru túlþanar og íris

einu blómin sem fengust í kringum konudaginn þannig að þetta hefur aldeilis breyst síðan þá. Núna eru rauðu rósirnar langvinsælastar þó svo að margir menn séu mjög frjálslýndir og til í að blanda saman ólíklegustu litum.“

Að mati Binna er það skemmtilegasta við konudaginn að hér er á ferðinni alíslensk hefð ólíkt Valentínusardeginum sem var haldinn hátíðlegur á dögnum.

„Á þessum degi er gaman að vera blómakaupmaður. Við opnum klukkan sex í staðinn fyrir nú og menn byrja strax að



KARLMENN GLEÐJA KONURNAR
Konudagurinn var í gær og lögðu margir leið sína til blómakaupmanna til að gleðja konurnar í lífi sínu. Ljósmyndari Fréttablaðsins smelti mynd af Gunnlaugi Þór Briem þegar hann fjárfesti í stærðarinnar vendi.

flykkjast inn. Þá eru þeir búnir að koma við í bakaríinu og ætla að koma konunni á óvart þegar

hún vaknar. Það er mikil hlýja í loftinu og þetta er skemmtilegur dagur í blómabúð. - bg

Ábyrgð hjá fleirum en fasteignasölum

Fasteignasölar, auðvelt aðgengi að lánum fyrir almenning og lóðaskortur eru helstu ástæður stórhækkunar á fasteignaverði á suðvesturhorninu.

FASTEIGNAVERÐ Ástæður síhækkandi húsnæðisverðs eru margar og engin ein skýring til en þáttur fasteignasöla er þó vafalítið einn stærsti þátturinn suðvestanlands. Ýmsir fasteignasölar telja einnig að sök liggja bæði hjá Framsóknarflokknum, þar sem hugmyndir þeirra um aukin húsnæðislaða hafi verið sá snjóbolti sem kom flóðinu af stað, og ekki síður bönkunum sem hófu virka samkeppni á fasteignamarkaðnum í haust.

Kristján Óskarsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka, furðar sig á þeim málflutningi manna og telur umræðuna í heild sinni á villigötum.

„Það er vægast sagt undarlegt að ýmsir skuli halda að bankarnir eigi sök á því háa íbúðaverði sem á markaðnum er í dag. Sviðuð staða var á fasteignamarkaðnum í lok síðasta áratugar og sviðuð efnahagsleg uppsveifla í þjóðfélaginu en þá voru þessi lán sem bankar bjóða í dag ekki til staðar. Þvert á móti eru reglur Íslandsbanka hvað varðar greiðslumat og lánaþyrirgreiðslu strangari nú en áður auk



ÞRÚ ÞÚSUND NÝJAR ÍBÚÐIR

Um þrjú þúsund nýjar íbúðir eru á teiknborðinu eða komnar í byggingu á suðvesturhluta landsins og gæla margir við að þegar þær koma á markaðinn muni eftirspurn minnka í kjölfarið. Þó er meirihluti þeirra eigna smærri íbúðir meðan hvað mest ásókn almennings er í stærri eignir og einbýlishús.

Þess sem það getur engan veginn þjónað hagsmunum banka að lána til aðila sem ekki eru færir um að greiða lánið til baka.“


Árni Magnússon félagsmálaráðherra hefur óskað eftir að Rannsóknarstofnun í húsnæðismálum í Viðskiptaháskólanum við



FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Rannsókn er hafin á ástæðum þeirra miklu hækkana sem orðið hafa á fasteignamarkaðnum.

albert@frettabladid.is



HRÝÐJUVERKAÁRÁS YFIRVOFANDI
Hjálparstarfsmenn í Indónesíu eru auðveld fórnarlömb hryðjuverkamanna.

Banda Aceh:

Óttast áráð á starfsfólk

INDÓNESÍA Allir þeir erlendu hjálparstarfsmenn sem að störfum eru í Indónesíu til aðstoðar þeim er urðu hvað verst úti eftir flóðbylgjuna í Indlandshafi eru í alvarlegri hættu því líklegt er að íslamskir ofsatrúarmenn séu að skipuleggja hryðjuverkaárás á þá fljótlega.

Þetta kom fram í máli utanríkisráðherra Ástralíu en sökum anna geta allir þeir friðargæslu- liðar og hermenn sem eru í Banda Aceh ekki tryggt öryggi hjálparstarfsmannanna. Hann sagði að stjórnvöld í Ástralíu teldu líkurnar meiri en minni á að áráð yrði gerð innan tíðar. ■

LÖGREGLUFRETTIR

INNBROT Í SANDGERÐI Premur myndavélum, vídeóupptökuvél, sérríflösku og peningaveski var stolið úr húsi við Klapparstíg í Sandgerði að morgni sunnudags. Einhver óboðinn hafði farið inn í ólæst húsið. Málið er óupplýst og í rannsókn lögreglunnar í Keflavík.


SPARKAÐ Í BANKA Rúða var brotin í Landsbankanum í Grindavík aðfaranótt sunnudags rétt eftir miðnætti. Maður sást sparka í rúðu að dyrum hraðbankans tíu mínútur yfir eitt og fara síðan upp í bifreið sem var ekið á brott.

Veðrið


AUSTANVERT LANDIÐ ÁFRAM BEST Í VEÐRINU

Við verðum áfram í vestlægum áttum með lítilsháttar súl vestan til en bjartara eftir því sem austar dregur. Bjartviðri á Austur- og Suðausturlandi. Hitinn finnst 4-10 stig. Ekki slæmt það í hægviðri. Reyndar stutt í dálitinn vindstreng undan Norðurlandinu. Nú fer maður að spyrja sig að því hvenær eigi að byrja á vorverkunum í garðinum. Svarið er kannski ekki flókið – þegar Góan er líðin – það er ennþá bara febrúar!!


Í dag um hádegi



Á morgun



Miðvikudagur



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	2°C léttskýjað	Paris	4°C skýjað	Torrevieja	11°C skýjað
Osló	3°C alskýjað	Prag	1°C alskýjað	Róm	11°C skýjað
Stokkhólmur	-3°C alskýjað	Amsterdam	3°C léttskýjað	New York	2°C snjócoma
London	6°C léttskýjað	Varsjá	0°C alskýjað	Miami	27°C léttskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skýggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Fiat Punto eða sambærilegur

Vika á Spáni

11.900*

kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.

1000 Vildarpunktur til 12. mars

50 50 600

hertzerlendis@hertz.is



Rafstillanleg borð
Frá 89.900.-

Rafstillanleg borð
Sannkölluð heilsuþyting

skrifstofu húsgögn

Dencon skrifstofuhúsgögn frá Danmörku



Fundarborð Tilboð
49.900.-



Skilrúm
Í öllu stærðum og gerðum

Fundarborð
í öllum stærðum



Tilboð
22.900.-

Team 11
Hæðarstilling á setu og baki.
Veltanlegt bak og seta.
Stillanlegir armar.



Tilboð
29.900.-

Optimum N
Hæðarstilling á setu og baki.
Veltanlegt bak og seta.
Dýptarstilling á setu.
Stillanlegir armar.



Tilboð
27.900.-

Mesz II
Flottur í fundarherbergið.
Leðurseta, leðurarmar.



Tilboð
19.900.-

Mesz
Glæsilegur stóll með leðursetu.



Tilboð
7.900.-

Sitio
Þægilegur stóll á góðu verði.



InnX innréttingar ehf
Faxafen 8 · Sími 577 1170
innx@innx.is · www.innx.is



KJÖRKASSINN

Á að afnema stimpilgjöld?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	97,5%
Nei	2,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Gafstu blóm á konudaginn?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



ÁRNI HIJARTARSON
Árni var með upplestur á Þjóðminjasafninu á safnanótt.

Safnanótt:

Draugar á safni

VESTRARHÁTIÐ Um níu hundruð gestir hlýddu á frásögn og upplestur Árna Hjartarsonar um bein, drauga, skáld og sakamenn á safnanótt í Þjóðminjasafninu á föstudagskvöld, sem haldin var í tengslum við Vestrarhátíð í Reykjavík.

Draugaleg stemning var í húsinu og voru gestirnir á öllum aldri en þeim var sýnd kjálka-bein morðingja og lesið fyrir þá draugakvæði. Einnig var höggstokkur skoðaður ásamt fleiri furðulegum gripum.

Gera má ráð fyrir að safnanótt verði endurtekin að ári í Þjóðminjasafninu sökum þess hversu vel tókst til. ■

KJARAMÁL VÉLSTJÓRA

LÍU GEFUR EFTIR Vélstjóraráf­lag Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna hafa aftur sest við samningaborðið til að samræma samninga sjómanna og vélstjóra. Félögin funduðu í gærmorgun og fundu aftur eftir helgi. Formaður Vélstjóraráf­lags Íslands, Helgi Laxdal, segir vélstjóra þurfa eitt og annað svo þeir gefi eftir hafnarfríun sín í takt við sjómenn. Þeim hafi orðið ágennt en enn sé ekkert í hendi.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

David og Victoria Beckham:

Nýfæddur sonur fékk nafnið Cruz

MADRÍÐ. AP Victoriu og David fæddist sonur á sjúkrahúsinu Ruber Internacional í Madríd í gær. Þetta er þriðji sonur þeirra hjóna og hefur hann hlotið nafnið Cruz. Fyrir eiga Victoria og David synina Brooklyn, fimm ára, og Rómeó, tveggja ára. Cruz er fæddur viku fyrir tímann en hann var tekinn með keisaraskurði eins og bræður hans.

Faðirinn nýbakaði ljómaði eins og söl þegar hann ræddi við fréttamenn fyrir utan sjúkrahúsið í gær. „Við eignuðumst yndislegan strák og honum og Victoriu heilsast vel. Hann er með nef og varir mömmu sinnar,“ sagði Beckham og brosti með fangið fullt af

blómum. „Bræður hans eru inni hjá honum og við erum hamingjusöm fjölskylda.“ Tungumálasér­færðingur í Oxford segir að Cruz sé algengt eftirnafn á Spáni og í Suður-Ameríku, en óvenjulegt skírarnafn. Aðspurður um nafnið sagði Beckham einfaldlega að þeim fyndist það fallegt.

Drengurinn fæddist klukkan 10.40 að spænskum tíma og vó 3,2 kíló. ■

BECKHAM OG SYNIR
Nú hefur fjórði karlmaðurinn bæst í Beckham-fjölskylduna, en Victoria og David eignuðust þriðja soninn í gær.



Fundu mikið magn fikniefna:

4 tonn af maríjúana

MEXÍKÓ. AP Mexíkóska lögreglan hefur lagt hald á fjögur tonn af maríjúana sem fundust í húsi við borgina Juárez. Borgin er við bandarísku landamærin og er talið að smygla hafi átt efninu til Bandaríkjanna.

Maríjúanað, sem var vel falið í húsinu, fannst eftir viðtæka leit lögreglunnar. Falskur veggur var í húsinu og bak við hann var stigi niður í kjallara þar sem efnið var geymt. Lögreglan komst á snoðir um málið eftir ábendingu frá manni sem sagði glæpamennina, sem áttu efnin, hafa myrt móður sína. ■

Ferðabjónusta skilar fátækum litlu

Ferðabjónusta er eitt af hálmstráum fjölmargra fátækra landa en reynslan sýnir að gisting og afþreying ýmiss konar er yfirleitt í boði vestrænna keðja og mun minna fjármagn verður eftir þar sem þess er mest þörf.

FERÐALÖG Vestrænir aðilar, hót­el­keðjur og afþreyingarfyrirtæki hvers konar, hirta megnið af því fé sem vestrænir ferðalangar skilja eftir í mörgum af þeim fátækari löndum heims sem eru vinsæl meðal erlendra ferðamanna og er því ferðabjónusta víða ekki að skila þeim tekjum í ríkiskassann sem margir hafa reitt sig á.

Meðan leiðtogar heimsins ræða vandamál fátækari ríkja reglulega á fundum sínum og taka jafnvel höndum saman um að minnka fátækt um helming í heiminum næsta áratuginn eða svo, eru vestræn fyrirtæki í óða önn að leggja undir sig flesta þá starfsemi sem ábatastöm getur talist í mörgum fátækum löndum og koma þannig í veg fyrir að efnahagur margra ríkja vænkist sem því nemur. Sérstaklega er þetta áberandi í Mið-Ameríku og í löndum í Karabíska hafinu enda er þangað stutt að fara fyrir velmegandi Bandaríkjamenn sem eru margir hverjir ekki feimnir við að opna buddu sína á ferðalögum.

Nokk sama er hvar tekið er niður, sagan er víðast hvar eins. Meirihluti hótela á helstu ferðamannastöðum á Kúbu er í eigu Spánverja eða annarra Evrópu-búa. Bandarískir aðilar eiga flestöll hótelin á Jamaíka og sömu sögu er að segja af vinsælustu ferðamannastöðum í Mexíkó, Panama og á Kosta Ríka. Ríkisstjórn Kosta Ríka á í megnustu erfiðleikum með að kosta og viðhalda þeim fjölmörgu þjóðgördum sem þar eru þrátt fyrir að fjöldi erlendra ferðamanna þar



ERFIÐIR TÍMAR

Peningar ferðamanna á leið um fátækari ríki heimsins virðast seint og illa skila sér til þeirra allra fátækustu í viðkomandi löndum. Stærstur hlutinn fer strax aftur í vasa vestrænna manna sem eiga flest hótél og bjóða þá afþreyingu sem ferðamönnum býðst víða.

hafi þrefaldast síðustu tíu árin. Sömu sögu má segja af Jamaíka þar sem ríkisstjórnin þurfti að leita á náðir bílaframleiðandans Toyota til að byggja og viðhalda þjóðvegum í landinu þrátt fyrir að eyjan hafi verið gríðarlega vinsæll dvalarstaður erlendra ferðamanna um langa hrif.

Verra er hins vegar að ekki eingöngu skilar lítið fé sér í ríkiskassa viðkomandi bjóða heldur er það regla frekar en undantekning að umræddar vestrænir hótélkeðjur greiða margar hverjar engin laun til starfsmanna sinna í þessum löndum heldur verða þeir að láta sér nægja þjórfé gesta sem laun. Víst er að stöku einstak-

lingur hefur eflaust af því bæri­legar tekjur en mun fleiri bera skarðan hlut frá borði og verða auk þess að vinna langan vinnu­dag flestalla ef ekki alla daga vikunnar. Fæstir eru tryggðir og veikinda- eða dagpeningar þekkjast ekki.

Fleiri og fleiri erlendir ferðamenn gera sér grein fyrir þessu og gera sér far um að kaupa gistingu og fæði aðeins á þeim stöðum sem innfæddir eiga og reka og tryggja með þeim hætti að allt fjármagnið verður eftir í landinu í stað þess að fara beint inn á bankareikninga stórfyrirtækja í Bandaríkjunum og í Evrópu.

albert@frettabladid.is

12 ára skaut ömmu sína og frænku:

Níu ára fangelsi

OHIO. AP Tólf ára drengur í Ohio, Bryan Christopher Sturm, var á laugardag dæmdur í níu ára fangelsi fyrir að hafa myrt bæði frænku sína og ömmu. Sturm sagðist hafa skotið ömmu sína vegna þess að hún gagnrýndi hann sífellt en frænkan hefði fengið skot í höfuðið þegar hún ætlaði að taka af honum byssuna. Verjandi Sturms, Ray Smith, hyggst áfrýja dómnum.

Í Ohio þurfa börn að hafa náð fjórtán ára aldri til að vera dæmd sem fullorðin, en samkvæmt dómnum mun Sturm sitja inni þar til hann nær 21 árs aldri. ■

STJÓRN MÁL

GRUNNET Í EIGU HINS OPINBERA

Flokksráðsfundur Vinstri grænna samþykkti ályktun þar sem hvatt er til þess að grunnnet Landssímans, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar verði sameinuð í eitt gagnaflutningsnet í eigu ríkis og sveitarfélaga.

MEINTASTEFNA GAGNRÝND Hugmynd menntamálaráðherra um að stytta framhaldsskólánámið var gagnrýnd á flokksráðsfun­di Vinstri grænna. Flokksráðið telur væn­legra að gera mörk skólástiga sveigjanlegri en að skera niður nám í framhaldsskóla og fækka þar einungum. Telur ráðið tillögurnar lykta af niðurskurðri fremur en ein­lægum vilja til að bæta skólakerfi.

TILRÆÐI VIÐ LAUNAFÓLK Vinstri grænir vara við þjónustutílskipun Evrópusambandsins sem er í burðarlíðnum. Segja Vinstri grænir að tilskipuninni sé ætlað að stuðla að markaðsvæðingu velferðarþjónustunnar og undirboðum á vinnu­markaði. Tilskipunin sé því tilræði við launafólk og velferðarsamfélagið.

Nýjung í lyfjamálum á Íslandi:

Fyrsta heimsendingarapótekið

LYF Lyfjaver opnar í dag fyrsta heimsendingarapótekið hér á landi sem sérhæfir sig í að afgreiða lyfseðilsskyld lyf á hagstæðu verði. Viðskiptavinir eiga kost á að fá lyfin send heim á sama verði og væru þau keypt í búðinni, hvort sem þeir búa í miðborg Reykjavíkur eða úti á landi.

Ætlun Lyfjavers er að virka daga séu lyf afgreidd samdægurs heim til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu en innan sólarhrings annars staðar á landsbyggðinni.

Að sögn Aðalsteins Steinþórssonar, stjórnarformanns Lyfjavers, hefur fyrirtækið verið starfandi frá árinu 1999 þegar



LYFJAVER

Aðalsteinn Steinþórsson er stjórnarformaður fyrirtækisins Lyfjaver sem í dag opnar fyrsta heimsendingarapótekið hér á landi.

það gerðist brautryðjandi hér­lendis í tölvustýrðri lyfja­skömmtun. Notandinn fær þá lyfin í plastumbúðum með mörgum lokuðum hölfum sem

hvert og eitt inniheldur einn skammt. Á hölfunum eru áprentaðar upplýsingar um hvern skammturinn skal tekinn.

„Pakkningin auðveldar sjúklingum og aðstandendum þeirra að fylgjast með inn­töku lyfjanna og kemur í veg fyrir rugling. Við bendum dvalarheimilum og fólki sem annast aldraða eða sjúka ætt­ingja að beina lyfja­málum til okkar því við bjóðum upp á sam­keppnishæft verð sem inniheldur einnig þessa auknu þjónustu við viðskiptavininn,“ segir Aðalsteinn. Lyfjaver er við Suðurlandsbraut 22 í Reykjavík.

- bg

AEG ÞVOTTADAGAR



NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ AEG
EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

**AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði**

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.
- Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: **A+** • Peytivistuafköst: **A** • Orkuflokkur: **A**
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka
- 3ja ára ábyrgð

Kr. 90.000,-

**AEG barkalaus þurrkari
með íslensku stjórnborði**

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
- Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
- Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigt og þéttibúnað
- Stórt hurðarop - 33 sm

Kr. 85.914,-

Í TILFNI AEG ÞVOTTADAGA BJÓÐUM VIÐ PARIÐ Á KR. 159.000,-

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.



Nánari upplýsingar á
www.ormsson.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

RÁDIO NAUST
Furuvöllum 5 · Akureyri Sími 461 5000

**Þvottavélar, þurrkarar
og uppþvottavélar
á tilboðsverði!**

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON
SMÁRALIND

Chelsea • Barcelona
8. mars í LONDON!

Snilldarkort SPRON býður vinningshafa á völlum!
 Sendu SMS skýtið JA CBF á númerið 1900 og þú gætir unnið.
 Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skýtið JA A, B eða C á númerið 1900.

99 kr./skýtið.  

Yng hjón bjarga jíræðum ur elliheimilisprisund



Enn einn áfellsdómurinn um meðferð Íslendinga á eldri borgurum

DV – hefur þú séð DV í dag?

Alþjóðahús stefnir að enn stærri hátíð að ári: Þúsundir sóttu Þjóðahátíð

ÞJÓÐAHÁTÍÐ Nokkur þúsund manns mættu á Þjóðahátíð Alþjóðahúss í Perlunni í fyrradag. Hátíðin var haldin í annað sinn og spáir framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, Einar Skúlason, því að hún stækki enn að ári.

„Þjóðahátíðin stækkaði um helming frá því á síðasta ári og við stefnum að því að stækka hana aftur tvöfalt að ári. Í Reykjavík býr fólk með uppruna í 127 þjóðum og því af nógu að taka,“ segir Einar.

Yfir 25 þjóðir tóku þátt í Þjóðahátíðinni í ár og segir Einar ljóst eftir daginn að Perlan sé of lítil fyrir hana. Stefnt sé að því að halda hátíðina í stærra húsnæði að ári. Horft sé til Laugardalshallarinnar.



ÞJÓÐAHÁTÍÐ Í PERLUNNI

Boðið var upp á mat frá öllum heimshornum í Perlunni í gær á Þjóðahátíð Alþjóðahúss. Fimmtán skemmtiatriði á tuttugu mínútna fresti voru leikin fyrir gesti.

Einar segir þá bása sem buðu upp á mat hafa vakið sérstaka athygli. Í pólska básnum einum hafi til dæmis verið boðið upp á fleiri hundruð kíló

af mat: „Þar var meðal annars boðið upp á baunasalat og skinkupylsur sem framleiddar eru hér á landi eftir pólskri uppskrift.“

- gag

Samskipti Líbíu og Bandaríkjanna:

Enginn uppgjafartónn í Gaddafi

LÍBÍA Muammar Gaddafi tjáði sig nýlega í fréttatímaritinu Time um gjörbreytta stöðu sína gagnvart ráðamönnum Bandaríkjanna. Umskiptanna má rekja til þeirra ákvörðunar hans um að leggja allar kjarnorkuáætlanir Líbíu niður. Það var þó enginn uppgjafartónn í honum þegar hann svaraði blaðamönnum fyrir skemmstu. Hann segir að það hafi í raun verið stórhættulegt hjá Bandaríkjamönnum og Bretum að saka Líbíu um að styðja hryðjuverkastarfsemi. Hann segir að Líbía hefði getað túlkad það sem svo: „Af því ég er á þessum lista yfir hryðjuverkamenn? Af hverju ekki að fremja þá hryðjuverk sem ég er sakaður um hvort sem er? Hvers vegna að vera að borga eitthvað án þess að fá neitt í staðinn?“

Aðspurður hvort hann hafi orð-



MUAMMAR GADDAFI

Leiðtogi Líbíu segir íbúa landsins búa í paradís.

id hissa á því að vera allt í einu kominn í vinarsátt hjá Bush svaraði hann því til að aldrei væru tengsl manna algerlega vináttulaus né full vinsemdar. Hann segir að Bandaríkjamenn sem og öll Vesturlönd hafi áttað sig á því að þau hafi gert mistök og það sé dálítið kaldhæðnislegt að nú sé Bush að síendurtaka klisjuna sem Gaddafi hafi sjálfur notað mikið hér áður: Við erum að styðja frelsisvinnandi öfl í heiminum. Þetta hafði Gaddafi löngum sagt.

Hann var bjartsýnn á ástandið í Líbíu þó svo að hann ætti ekki von á að vera borinn of miklu lofi af löndum sínum. „Ef þú kæmir Líbíumönnum í paradís mundu þeir samt kvarta,“ segir hann og hlær en bætir við að lokum að Líbíumenn séu í paradís.

- jón

Ferðamálaráð

býður til samstarfs

um auglýsingar á íslenskri ferðapjónustu

Ferðamálaráð Íslands hefur ákveðið að bjóða íslenskum fyrirtækjum til samstarfs um gerð og birtingu auglýsinga sem hvetja landsmenn til ferðalaga innanlands. Um er að ræða hluta af kynningarherferðinni „Ísland – sækjum það heim“ og er gert ráð fyrir að útlit og efnistösk auglýsinga taki mið af því sem gert hefur verið til þessa.

Ferðamálaráð hyggst verja 12 milljónum króna til verkefnisins á tímabilinu 15. maí 2005 - 30. apríl 2006. Hér með er auglýst eftir samstarfsaðilum sem hafa áhuga á að leggja fram fé á móti Ferðamálaráði og auglýsa þjónustu sína á framangreindu tímabili. Skilyrði er að viðkomandi aðili sé starfandi í ferðapjónustu og reiðubúinn að auglýsa í fjölmiðlum sem ná til allra landsmanna.

Fjármunum Ferðamálaráðs er skipt í 16 hluta; 8 að fjárhæð 1.000.000 krónur og 8 að fjárhæð 500.000 krónur. Lágmarksframlag þeirra sem vilja taka þátt er jafnhá upphæð í hverjum hluta. Hver aðili getur einungis boðið í einn hlut. Samstarfsaðilar verða valdir með hliðsjón af fjárframlögum og fyrirhugðum kynningarverkefnum hvers og eins. Sérstakt tillit verður tekið til verkefna sem höfða til ferðalaga utan háannar á landsvisu.

Að uppfylltum þessum skilyrðum verður að öðru jöfnu sá aðili sem leggur til hæst mótframlag á móti Ferðamálaráði valinn til samstarfs.

Tekið er við skriflegum umsóknum um samstarf til 30. apríl nk. á skrifstofu Ferðamálaráðs Íslands, Lækjargötu 3, 101 Reykjavík á sértöku eyðublaði sem nálgast má á vef Ferðamálaráðs, www.ferdamalarad.is



FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS
 ICELANDIC TOURIST BOARD

Ferðamálaráð Íslands • Lækjargötu 3 • 101 Reykjavík
 Sími: 535 5500 • www.ferdamalarad.is



HVALEYRARBRAUT 22

Hópur útlendinga býr nú í húsnæðinu sem í voru skrifstofur sildarvinnslu.

Forstöðumaður Félagsþjónustu Hafnarfjarðar:

Leigðu ekki í ósamþykktu húsi

HAFNARFJÖRÐUR

Sæmundur Hafsteinsson, forstöðumaður Félagsþjónustu Hafnarfjarðar, kannast ekki við að Félagsþjónustan hafi leigt herbergi fyrir skjólstaðinga sína í ósamþykktu húsnæði við Hvaleyrarbraut 22.

Eigendur herbergjaleigunnar hafa haldið þessu fram en Sæmundur segir að um misskilning sé að ræða.

Einna helst sé hugsanlegt að Félagsþjónustan hafi lánað þeim fyrir leigu. Í janúar hafi verið

reynt að fá íbúðir á leigu til að endurleigja skjólstaðingum.

„Það vildi enginn leigja okkur svo það kom ekkert út úr því,“ segir hann og bendir á að allt húsnæði sem leigt er út eigi að hafa samþykki byggingarnefndar.

Guðmundur H. Einarsson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs, segir að starfsmenn sínir og brunavarnareftirlitsmaður hafi skoðað húsnæðið. Málið sé nú hjá slökkviliðinu og byggingarnefnd.

- ghs

Mannskæður faraldur:

60 námuverkamenn látnir

AFRÍKA, AP Að minnsta kosti 60 hafa látist í mannskæðum lungnabólguferaldri sem nú geisar í Kongó í Afríku.

Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) er þetta versti lungnabólguferaldur sem greinst hefur í heiminum í 50 ár. Þeir 60 sem hafa látist

eru allir námuverkamenn. Til viðbótar eru 350 námuverkamenn smitaðir af sjúkdómnum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ætlar að senda lækna á svæðið til að reyna að stemma stigu við sjúkdómnum. Faraldurinn gerði fyrst vart við sig í desember. ■

HiveLite

Práðlaust internet
2GB niðurhal
4Mb tenging

AF HVERJU ERUM VIÐ AÐ
BJÓÐA UPP Á ÞRÁÐLAUST
INTERNET MEÐ HRAÐARI
TENGINU OG MEIRA
NIÐURHALI EN HINIR
Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

AF ÞVÍ AÐ VIÐ ERUM HIVE.

Hive Lite er ný og hagkvæm áskriftarleið sem færir þér práðlaust internet, 2GB niðurhal, 4Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds.

Hive.is Hlíðasmári 12, 201 Kópavogur Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive





HERMENN Í NEPAL

Nepalskir hermenn gæta þjóðvegarins til Katmandú. Skæruliðar lokuðu veginum um tíma í gær með því að leggja trjádrumba á hann. Þeir skutu líka á vegfarendur.

Eigandi Prikisins æfur vegna fyrirhugaðs reykingabanns:

Vill starfsfólk með súrefnisgrímur

REYKINGAR Eigandi kaffihússins Prikid á Laugaveginum er æfur vegna fyrirhugaðs reykingabanns á veitingastöðum. Í síðustu viku var lagt fram frumvarp þess efnis á Alþingi.

„Ég vil fá að hafa reykingarfólk inni á Prikinu,“ segir Guðfinnur Sölvi Karlsson, eigandi Prikisins. „Ef það er fyrst og fremst verið að banna reykingar vegna áhrifanna sem þær geta haft á starfsfólk staðanna af hverju má ég þá ekki bara leyfa mínu starfsfólki að vera með súrefnisgrímur. Það þekktist í mörgum atvinnugreinum. Fjölmarginir málarar og múrarar nota slíkar grímur.“



PRIKIÐ Á LAUGAVEGINUM

Eigandinn segir stóran hluta gestanna koma til að fá sér kaffi og sígarettu.

Guðfinnur Sölvi segir að fyrirhugað reykingarbann muni bitna verst á kaffihúsinum.

„Mikið af gestunum kemur á þau til að fá sér kaffi og sígarettu. Ég geri mér grein fyrir því að ef bannið verður að veruleika mun það jafna sig út á nokkrum mánuðum. Ég er bara ekki viss um að staðirnir þoli það að lenda í einhverri niðursveiflu í nokkra mánuði því þetta er viðkvæmur rekstur. Í staðinn fyrir að banna reykingar þætti mér nær að setja reglur um að til dæmis fjórði hver staður eigi að vera reyklausa eða eitthvað í þá áttina.“ ■

www.volkswagen.is

Sterkari yfirbygging, sex loftþúðar, spólvörn, hemlalæsisvörn, rúmgóður og frábær í akstri



Nýr Golf er afar öruggur enda hlaut hann 5 stjörnur í árekstrarprófun Euro NCAP. Nýr Golf er einnig lengri og breiðari en forverar hans og því rýmri að innan.

Komdu og prófaðu nýjan Golf. Þú kynnist einstökum aksturseiginleikum um leið og þú ekur af stað í nýjum og ríkulega búnum Golf.

Almennt öryggi ★★★★★

*Bílasamningur SP-fjármögnunar. Verð 1.895.000 kr., útborgun 189.500 kr. Mánaðarleg afborgun 24.239 kr. miðað við 84 mánuði. Álfelgur á mynd eru ekki innifaldar í verði.

Keflavík:

Sparkað í lögreglumann

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Keflavík var kölluð út aðfaranótt föstudags til að hafa afskipti af slagsmálum fyrir utan skemmtistað í bænum.

Þegar lögreglumenn komu á vettvang réðust tveir menn á þá og sparkaði annar þeirra í handarbak lögreglumanns og veitti honum þannig slæma áverka.

Þurfti lögreglumadurinn að fara í röntgenskoðun þar sem talið var að bein gæti hafa brotnað.

Árásarmennirnir voru handteknir og gistu fangageymslur um nóttina en voru svo látnir lausir eftir yfirheyrslur í gær.

- jón

Þjóðleikhúsið:

Rekið með afgangi

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Á síðasta ári var Þjóðleikhúsið rekið með 22 milljóna króna afgangi, eftir því sem fram kemur í bráðabirgðauppgjöri frá menntamálaráðuneytinu. Uppgjöri er ekki lokið og því eru endanlegar niðurstöður ekki til tækjar. Bæði lækkuðu gjöld leikhússins frá árinu á undan og sértekjur jukust. Þetta var viðsnúningur frá árunum á undan. Reynd-

ar var rekstrarafgangur upp á rúmar 7 milljónir árið 2003, en það ár fékk Þjóðleikhúsið 20 milljónir á fjárukálögum til að rétta af rekstur þess árs.

Á síðasta ári tókst leikhúsinu að greiða um 20 milljónir upp í skuld við ríkissjóð sem var í upphafi síðasta árs um 50 milljónir. Sú skuld myndast að stærstum hluta árið 2001 í kjölfar kjara-

REKSTRARNIÐURSTAÐA ÞJÓÐLEIKHÚSSINS 2002-2003

Tekjur	2002	2003	2004*
Fjárlög	455.900	475.900	487.100
Aukafjárveiting		20.000	4.900
Sértekjur	169.634	168.662	175.457
Gjöld	648.252	657.189	645.457

Heimild: Menntamálaráðuneyti. Allar tölur eru í þúsundum króna * samkvæmt bráðabirgðauppgjöri



TINNA GUNNLAUGSDÓTTIR

Þjóðleikhússtjóri segir að enn þurfi að glíma við háar lausaskuldir, þó að skuldir við ríkissjóð hafi lækkað.

samninga ríkissjóðs við stéttarfélag árið 2000.

Tinna Gunnlaugsdóttir þjóðleikhússtjóri segir að auk skulda við ríkissjóð séu tiltölulega háar lausaskuldir á leikhúsinu. Til að

bregðast við hafi því verið ákveðið að hætta við að setja upp tiltölulega dýra söngleikjasýningu. Hún telur að ekki verði gripið til annarra sparnaðaraðgerða.

- ss

Stefán Jón Hafstein, forseti borgarstjórnar, um söluna:

Borgin áfram í ábyrgð fyrir Landsvirkjun

REYKJAVÍK Reykjavíkurborg verður áfram í ábyrgðum fyrir Landsvirkjun þó að 44,5 prósentu hlutur borgarinnar í fyrirtækinu verði seldur. Ábyrgðirnar nema nú 96,4 milljónum króna miðað við langtímaskuldir Landsvirkjunar um síðustu áramót og skiptist milli eigendanna eftir eignarhlutfalli.

Búist er við að skuldir fyrirtækisins fari hækkandi eftir því sem framkvæmdir fyrirtækisins aukast.

Stefán Jón Hafstein, forseti borgarstjórnar, segir að borgin verði áfram í ábyrgðum þó að hluturinn verði seldur. „Ábyrgð á lánunum sem tekin eru meðan Reyk-

javíkurborg er einn af eigendum fyrirtækisins hvílir áfram á borginni.“

Borgarsjóður fær ábyrgðargjald að fjárhæð um 100 milljónir á hverju ári. „Síðan er hægt að semja um það að endurfjármagna lánin og létta ábyrgðinni af og kannski kemur það inn í þessar viðræður en það er klárt að þegar lánin eru tekin þá breytist ekkert við það þó að eignarhluturinn skipti um eigendur. Ábyrgðin heldur áfram,“ segir hann. - ghs

STEFÁN JÓN HAFSTEIN
Borgarfulltrúinn segir hugsanlegt að samið verði um að endurfjármagna lánin og létta ábyrgðinni af.



Eldur í Grindavík: Mjöl ofhitnaði í þurrkara

STÓRBRUNI Fiskimjöl sem ofhitnaði í þurrkara olli að öllum líkindum brunanum í fiskimölsverksmiðju Samherja 9. febrúar síðastliðinn að sögn lögreglunnar í Grindavík. Endanleg niðurstaða rannsóknar á eldsupptökunum liggur ekki fyrir fyrr en eftir helgi.

Starfsmenn mjölverksmiðjunnar greindu frá að þeir hefðu heyrt sprengingu í mjölþurrkara um klukkan hálf fjögur um daginn og stuttu síðar skíðlogaði verksmiðjan. Stórtjón varð af eldinum og sagði sjávarútvegssráðherra að tekjutap gæti numið 700 milljónum króna. - bs



Þú færð allt þetta á aðeins
24.239 kr. á mán*



30 ára þróun. **Nýr Golf.**



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

Fjármálaeftirlitið með athugun:

Heimildir banka til fasteignaviðskipta

FJÁRMÁLAFTIRLITIÐ Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir til skoðunar hversu langt starfsheimildir bankanna nái hvað varðar viðskipti með fasteignir en vildi ekki tjá sig um einstök mál.

„Þetta snýst um túlkun á lögum sem varða alla bankana,“ segir hann. „Í lögum eru matskennd ákvæði um þau mörk sem gilda í starfsemi fjármálafyrirtækja. Það er túlkun á þeim ákvæðum sem koma til álita.“

Nýjasta dæmið um þetta eru kaup Frjálsa fjárfestingabankans á lóðum í Garðabæ. Ekki náðist í Kristín Bjarnason framkvæmdastjóra bankans. - ghs



PÁLL GUNNAR PÁLSSON
Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir til skoðunar hjá eftirlitinu hversu langt starfsheimildir bankanna nái hvað varðar fasteignaviðskipti. Nýlegt dæmi er um banka sem keypti lóðir í Garðabæ.

Félagsdómur:

Vélstjórar bíða Sólbaksdóms

KJARAMÁL Félagsdómur hefur ekki kveðið upp dóm í Sólbaksmálinu.

Vélstjórafélag Íslands kærði og vill láta ógilda Sólbakssamninginn sem útgerðin Brim hf. gerði um skipið Sólbak og við áhöfn þess. Helgi Laxdal, formaður Vélstjórafélagsins, átti von á úrskurði dómsins í vikunni:

„Þetta á nú að vera flýtidómstóll og skritið að hann sé ekki búinn að kveða upp sinn dóm,“ segir Helgi. Vélstjórafélagið hafi kært fyrir nær mánuði síðan og dómnunum skylt að skila niðurstöðunni innan mánaðar.



VAKT VIÐ SÓLBAK
Í október var sett lögbann við aðgerðum sjómannaforystunnar sem vildi koma í veg fyrir löndun úr Sólbaki vegna sérsamninga útgerðar við áhöfn skipsins.

- gag

Smitsjúkdómar:

Berklar í Hollandi

HOLLAND. AP Berklasjúkdómurinn hefur gert vart við sig í borginni Zeist í Hollandi.

Fyrr í mánuðinum greindist kona sem vinnur á búðarkassa í matvöruverslun með sjúkdóminn. Í kjölfarið fóru 21 þúsund manns, sem töldu sig mögulega hafa komist í snertingu við konuna, í berklapróf. Vegna fjöldans sem fór í prófin þurfti að setja upp aðstöðu í grunnskólum borgarinnar. 408 af þeim sem með fóru í prófið voru með jákvætt berklapróf. Af þessum 408 eru fjórir með berklasjúkdóminn því fólk getur fengið jákvæða niðurstöðu úr prófinu án þess að fá sjúkdóminn. Af þessum fjórum er ein manneskja smitandi. ■

PÓSTKORT FRÁ SRÍ LANKA: ELÍN JÓNASDÓTTIR SENDIFULLTRÚI RAUÐA KROSSINS

Ungir drengir með brostin augu

Ég er staðsett í Trincomalee-héraði í norðausturluta Sri Lanka. Hér olli flóðbylgjan miklum hörmungum og 1.079 einstaklingar létu lífið, 337 er saknað og 28.588 fjölskyldur eru heimilislausar. Tæplega 30 þúsund íbúar létust alls á Sri Lanka.

Það er ótrúlegt við hvað fólk þarf að búa. Allt sýnist í röð og reglu en fólk býr mjög þétt, jafnvel þrjár fjölskyldur saman í tjaldi. Fjölskylda samanstandur oft af 10-15 einstaklingum. Hreinlætisaðstoða er alveg í lágmarki. Í einum búðum sem ég kom í voru engin klósett. Það tók fjóra tíma að komast á svæði sem er undir stjórn uppreisnarmanna – Tamil tigranna svokölluðu – á mjög slæmum vegum en þeim hefur ekki verið haldið við í 25 ár vegna átakanna. Þar hitti ég fiskimenn og unga drengi sem röngluðu um eyðilögð svæðin, vonlausir, þunglyndir og sorgbitnir. Að eigin sögn sögðust þeir vera vonlitlir um framtíðina, engir bátar, engin veiðarfæri, ekki einu sinni hnifur.

Þeir sem týndu lífi voru aðallega lítil börn og eldri konur en einnig þeir sem voru að reyna að bjarga börnunum.



ELÍN JÓNASDÓTTIR

Ungir drengir með brostin augu sögðust hafa klífrað upp í tré. Eftir langt samtal klífraði einn þeirra upp í tré og náði í kókoshnetur handa mér og samferðamönnum mínum. Við drukkum síðan yndislega hressandi kókosmjólkina með miklu þakklæti. Þessir menn, sem misst höfðu næstum allt, sýndu gestrisni sína á þennan hátt. Þetta snerti mig virkilega.

Sjálfbóðaliðar Rauða krossins eru í flestum búðum eða koma þangað reglulega. Þeir eru flestir á aldrinum 18-24 ára. Þeir veita skyndihjálp, aðstoða við dreifingu á gögnum og sinna ýmsu öðru sem kemur upp. Við ætlum að þjálf þessa sjálfbóðaliða í sálfélagslegri hjálpi, svo þeir geti betur fléttað slíki aðstoð inn í störf sín. Í síðustu viku var byrjað á 15 daga hreinsunaráttaki á hörmungasvæðunum. 150 sjálfbóðaliðar á vegum Rauða krossins eru við hreinsun ásamt íbúum svæðanna. Ég hlakka til að sjá árangur. Sem Íslendingur er ég árangursmiðuð! Ég vil sjá að fólkinu líði betur, sjá land hreinsað og hús byggð með hraði.



MYND: AP

BER VIÐ HIMIN

Bandaríski skíðastökkvarinn Todd Lodwick svífur yfir Þýskalandi en hann keppti í norrænni tvíkeppni á skíðamóti í Oberstdorf fyrir helgi.

Þúsundir hrafna skotnar árlega

Fjöldi þeirra dýra sem veidd eru hérlandis ár hvert skiptir hundruðum þúsunda. Flest þessara dýra eru veidd til matar en nokkrar tegundir teljast meindýr. Þar á meðal eru hrafnar.

Skotveiðiáhuga Íslendinga er viðbrugðið og dvínar hann síst með árunum. Í síðustu viku var greint frá því að tvær umsóknir væru um hvert hreindýraleysi þetta árið og svo mikill hefur ágangur veiðimanna verið á rjúpunum að slíkar veiðar hafa verið bannaðar tvö síðustu ár.

Rjúpur, hreindýr og gæsir eru þó langt í frá einu dýrin sem veiðimenn skjóta sér til gagns eða gamans.

Alls voru 4.546.039 dýr veidd hérlandis á árunum 1995-2002 að því er fram kemur á veiðiskýrslum sem berast til Umhverfisstofnunar en þeim sem stunda

veiðar á villtum dýrum, öðrum en músum og rottum, ber að skila slíkum skýrslum. Langstærstur hluti veiddra dýra er fuglar en einhverja ferfætlinga má vissulega finna þarna líka. „Þessir veiðistofnar eru allir stórir og sterkir. Lundinn er mjög stór hluti af þessu, síðan eru rjúpan og gæsirnir. Þessir stóru stofnar halda þessu eiginlega uppi,“ segir Áki Ármann Jónsson, forstöðumaður veiðistjórnunarsviðs stofnunarinnar.

Alls eru 32 dýrategundir að finna á veiðiskýrslum. Þar á meðal eru meindýr á borð við refi, minka og máva af ýmsum tegundum. Endur eru jafnframt áberandi á listanum, til dæmis duggönd, rauðhöfðaönd, skúfönd og stökkönd en þá síðastnefndu tegund skemmta börn sér gjarnan við að brauðfæða. 8.267 stökkendur voru veiddar árið 2002 en aðeins 92 skúfendur. 3.015 hreindýr féllu fyrir byssum veiðimanna á árunum 1995-2002 og sú tala hefur hækkað talsvert síðustu tvö ár þar sem fjöldi veiðileyfa hefur tvöfaldað.



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON

Eins og Áki bendir á er enginn fugl meira veiddur en lundinn enda er hann langalgengasti fugl landsins. Talið er að 2-3 milljónir lundara verpi hérlandis ár hvert þannig að lítið gerir til þótt 120.000-230.000 lundar hafi veidd hér árlega um langt skeið. Öðru máli gegnir um rjúpunum. Árið 2002 voru 78.177 rjúpur skotnar á landinu en talið er að varpsstofninn telji aðeins 50.000-100.000 pör.

Ýmsar skringilegar skepnur má finna í þessum fjölskrúðuga hópi, þar á meðal hrafna. Tæplega fjörutíu þúsund hrafnar féllu fyrir hendi veiðimanna á tímabilinu þótt heldur hafi dregið úr veiðinni á síðari hluta þess. Hrafnninn hefur til

þessa lítið sést á matarborðum landsmanna.

„Hann er vargtegund,“ útskýrir Áki Ármann. „Til að koma í veg fyrir



KRUMMI OG PRÓFASTURINN

Margir telja Krumma meindýr og því er hann algeng bráð. Á aðra milljón lunda hafa verið veiddar hérlandis síðasta áratug.

tjón verða menn að skjóta hrafna og máva og það er ekkert nýtt,“ segir hann en einhver brögð eru að því að hrafnar skemmi heyrúllur og kroppi í lömb.

Verið er að vinna úr veiðiskýrslum fyrir árið 2004 en eins og fram kom í fréttum á sínum tíma þóttu skýrslur ársins 2003 ómarktækar. Skýringin er sú að veiðimenn létu Umhverfisstofnun rangar upplýsingar í té til að mótmæla rjúpnaveiðibanninu. Dæmi eru um veiðimenn sem sögðust hafa skotið yfir 100.000 duggendur en yfirleitt eru nokkur hundruð slíkar endur veiddar á ári.

sveinng@frettabladid.is

LÁGFÓTA

Greiddar eru 7.000 krónur fyrir skottið á rebba.



Einkabankþjónusta | Private Banking

Kynningarfundur í dag

Fjármögnun fasteigna erlendis

Landsbankinn heldur kynningarfund um fjárfestingu í fasteignum erlendis á Hótel Sögu, fundarsal A, í dag, 16. febrúar kl. 16 – 18.

Dagskrá:

- Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Einkabankþjónustu, greinir í stuttu máli frá breytingum á Einkabankþjónustu Landsbankans.
- Þorvaldur Þorsteinsson, fjármálaráðgjafi, lýsir þjónustu bankans á sviði fjárfestinga í fasteignum erlendis.
- Kristján G. Valdimarsson, forstöðumaður skattaráðgjafar, gerir grein fyrir skattamálum sem tengjast fjárfestingum af þessu tagi.
- Tim Watts, yfirmaður fjárfestinga í íbúðarhúsnæði hjá Cordea Savills, fjallar um fasteignamarkaðinn í Englandi.
- Brynhildur Sverrisdóttir, sjálfstæður fjármálaráðgjafi, segir frá reynslu sinni af fasteignakaupum í Luxemborg, Frakklandi og Englandi.

Fundarstjóri er Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri.

Veitingar í boði.

Allir velkomnir

en vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 410 7140 eða á landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

DÆMI UM VEIDD DÝR 1995-2002

Lundi	1.305.918	Stökkönd	80.488
Rjúpa	1.065.361	Hrafni	39.565
Grágæs	281.603	Refur	36.909
Álka	182.883		



Ferð þú á stórleik í Meistaradeild Evrópu?

Notaðu S24 kredit- eða veltukortið þitt
á tímabilinu 20. febrúar - 31. mars
og þú átt möguleika á að komast á leik í apríl,
í Meistaradeild Evrópu.

Um er að ræða flug og gistingu fyrir tvo,
ásamt miðum á völinn svo þú getur boðið
elskunni eða besta vininum með í ferðina.

Því oftast sem þú notar kortið
því meiri líkur eru á vinningi!



*Vertu viss um að þú sért að hagnast
á þínum bankaviðskiptum...*



Sæktu um kort! **WWW.S24.IS** Sími 533 2424 - Kringlan

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Borgarfulltrúar þurfa að fara yfir
Laugavegsmálið á nýjan leik.

Borgarstjórn hlusti á gagnrýnendur

Umræðurnar um áform borgarstjórnar Reykjavíkur að láta rífa á þriðja tug gamalla húsa við Laugaveg hafa leitt í ljós að húsvendur- og húsafríðunarsjónarmið eiga enn í vök að verjast hér á landi þrátt fyrir þá útbreiddu skoðun að við Íslendingar berum virðingu fyrir sögu okkar og menningarverðmætum og að dagar vanmetakenndar okkar fyrir byggingararfleifðinni séu liðnir. Dapurlegast er að sjá þá menn sem standa ættu fremst í fylkingu verndunarinnar stýra jarðytunum sem verið er að senda á gömlu húsinn. Einhver vörn kann að vera í því að eigendur margra húsa á aftökulista borgarstjórnar vilja ekki selja eignir sínar í hendur niðurrifsmanna. Það kann að tefja áformin en því miður er ekki öruggt að sú vörn geti staðið lengi.

Furðulegt er að heyrja þá röksemd að nýbyggingar við Laugaveg muni snúa við þeirri þróun að verslun og mannlíf í miðborginni eigi undir högg að sækja. Á undanföllum árum og áratugum hefur hvert stórhýsið á fætur öðru risið við Laugavegin og nágrenni án þess að þær byggingar hafi nokkur áhrif haft. Sumar þeirra hafa jafnvel staðið auðar um langan tíma meðan verslun, þjónusta og veitingarekstur hefur blómstrað í gömlu húsunum. Vandamál Laugavegarins og miðbæjarins verða ekki leyst með niðurrifi gamalla húsa.

Eitt gott kann að leiða af uppnáminu sem orðið hefur vegna Laugavegarins. Að vitsmunalegar almennar umræður hefjist um byggingar og byggingarlist og skipulag borgarinnar. Hér á landi er varla haldin svo sýning frístundamála eða tónleikar byrjenda að ekki birtist um það menningargagnrýni í blöðunum. En hér rísa stórhýsi, heil hverfi og mikil mannvirki, sem setja svip á umhverfi okkar til langs tíma, og um það birtist enginn dómur, hvorki til lofs né lasts. Mannvirkjagagnrýni þarf að verða samferða annarri menningargagnrýni í fjölmiðlum. Og slík skrif ættu ekki bara að birtast eftir að hús og önnur mannvirki eru risin eða tekin niður heldur einnig á meðan mál eru í undirbúningi og í deiglu. Vönduð mannvirkjagagnrýni getur áreiðanlega forðað slysum og greitt fyrir því að ákvarðanir skipulagsyfirlalda séu teknar af þekkingu og yfirvegun.

Húsafríðun og varðstaða um menningarverðmæti er ekki flokkspólitískt mál og á ekki að vera það. Í orðu kveðnu eru allir stjórnmálaflokkar með verndun. Það er þess vegna leitt að sjá hve samstaðan er almenn í borgarstjórn um að heimila niðurrif gömlu húsa við Laugaveg. Aðeins einn borgarfulltrúi, Ólafur F. Magnússon, hefur nægilegan metnað til að rísa upp gegn áformunum. En vonandi verða fleiri borgarfulltrúar til þess að staldra við og hlusta á sjónarmið þeirra sem gagnrýna niðurrifsstefnuna. Þegar eru málsmetandi menn í borgarstjórn farnir að tala um að hlífa tveimur til þremur húsanna. Það er áfangasigur en engan veginn nægilegt. Þetta er mál sem borgarstjórn á að fara yfir frá grunni á nýjan leik. Það er engin minnkun fólgin í því fyrir stjórnmálamenn að endurskoða afstöðu sína.

Áratugur á netinu

Á laugardaginn voru liðin tíu ár frá því að Björn Bjarnason byrjaði að blogga á netinu og minnst Fréttablaðið tíma-mótanna með viðtali þar sem Björn rakti upptök bloggsíðunnar og sagði frá þeim sjónarmiðum sem hann hefur að leiðarljósi við skrifin. Óumdeilt er að hér á landi er Björn brautryðjandi stjórnmálaumræðna á netinu en þær hafa á síðustu árum orðið mjög líflugar og má segja að drjúgur hluti hinna pólitísku samtala í landinu fari nú fram á netinu. Ekki leikur vafi á því að bloggsíða Björns hefur gefið honum ákveðið forskot í þjóðfélagsumræð-



FRÁ DEGI TIL DAGS

unni og áreiðanlega styrkt stöðu hans í Sjálfstæðisflokknum.

Bjargvættir
Líklega er það tilviljun að þennan sama dag birti breskur skoðanabróðir Björns, Iain Duncan Smith, fyrverandi leiðtogi breska lhaldsflokksins, grein í vinstridagblaðinu Guardian þar sem hann hélt því fram að blogggar væru bjargvættir hægriflokka og hægrir viðhorfa. Duncan Smith heldur því fram að um árabíl hafi öflugir fjölmiðlar, ekki síst fréttastofur sjónvarpsstöðvanna, og fámennur hópur álitsgjafa ráðið ferðinni í þjóðfélags- umræðunni á Vesturlöndum; sett mál á dagskrá og tekið af henni. Vinstri skoðanir hafi verið ríkjandi. Stjórnmálamenn hafi verið háðir þessum aðilum. Það mikilvægasta hafi verið að komast að í

fréttatímum í sjónvarpi og fá fréttamenn og álitsgjafa á sitt band.

Einokun aflétt

En nú er þetta að breytast segir Duncan Smith. Þökk sé blogggarum sem halda úti frétt- og stjórnmálasíðum. Stóru fjölmiðlarnir geti ekki lengur einokað umræðuna og fréttavalið. Og sýni þeir hlutdrægni eða flytji rangar fréttir geti það orðið þeim dýrkeypt. Í því sambandi bendir Duncan Smith á hvernig blogggar hafi nýskeypt steypt af stóli tveimur bandarískum fréttastjórum með því að afhjúpa vond vinnubrögð þeirra. Annars vegar er um að ræða sjálfa stjórn CBS-stöðvarinnar, Dan Rather, og hins vegar Eason Jordan hjá CNN.

gm@frettabladid.is

Konur til áhrifa

Í ár eru 30 ár frá Kvinnaverkfallinu. Konur á öllum aldri lögðu þá niður vinnu heima og heiman til að mótmæla stöðu íslenskra kvenna. Stór áfangi vannst þegar Guðrún Erlendsdóttir var valin í Hæstarétt og stórkostlegt þegar Vigdís Finnbogadóttir var kjörin Forseti Íslands. Vigdís varð konum gifurlega þýðingarmikil fyrirmynd. Hálfur annar áratugur leið þar til Margrét Frímansdóttir var fyrst kvenna valin formaður í einum fjórflokkanna. Flokksystkini hennar sáu sögulegt tækifæri í kjöri hennar 1995 og hún var líka fyrst kvenna til að skipa efsta sæti á framboðslista til Alþingis. Á sama tíma höfðu aðeins fjórar konur sest á ráðherrastól í 90 ára sögu heima- stjórnar og lýðveldistíma. Mál þróuðust hægt en við trúðum að þegar hvert vígið félli af öðru væri stutt í það jafnrétti og jafnræði með kynjunum sem við vilðum sjá.

Enn eru laun kvenna miklu lægri en karla þrátt fyrir að þær sækja sér menntun til jafns við þá. Aðeins ein kona er stjórnarformaður í 50 stærstu fyrirtækjum landsins og í þeim hópi hefur ein kona verið forstjóri en á dögnum urðu þær tvær þegar kona var ráðin forstjóri Flugleiða. Konur eru minna en 10 prósent stjórnmanna og þess vegna frábært þegar sex konur, allar lögmenn með víðtæka reynslu, buðu sig á dögnum fram til stjórnarsetu í fyrirtækjum. En af hverju er þetta svona hjá þjóð þar sem atvinnu- þátttaka kvenna er hvað mest?

Hvernig er umhorfs á frétta- miðlunum og í spjallþáttunum sem fjalla um viðburði liðandi stundar og líf fólks í landinu? Hvaða myndir draga fjölmiðlarnir upp af konum? Fjölmiðlarnir sem ættu að spegla umræðu þar sem konum og körlum og sýn þeirra á samfélagið eru

UMRÆÐAN KONUR, VÖLD OG ÁHRIF



RANNEIG GUÐMUNDSDÓTTIR

„Konur eiga að sækjast eftir áhrifum og tími til kominn að konur fái völd til jafns við karla og sömu laun og þeir.

gerð jöfn skil. Það eru fyrst og fremst karlar á sama aldri sem stjórna spjallþáttunum og fá yfirleitt til liðs við sig aðra karla. Haft er eftir þekktum þáttastjórnanda að hann nenni ekki að fá konur í þáttinn því þær séu leiðinlegar. Maður spyr hver sé ábyrgð fjölmiðils sem lætur slíkt viðgangast. Þeir sem leggja sig fram um að fá til sín bæði konur og karla í spjallið hjá sér fá því prik. Aðeins ein kona er fréttastjóri núna og mál eru að þróast þannig á ljósvakamiðlunum að flestar konur í fréttamannastétt vinna á gólfinu. Það vakti mikla athygli að Sigríði Árnadóttur fréttastjóra Stöðvar tvö var sagt upp svona „af því bara“ og mörgum var brugðið við umfjöllunina um þessa öflugur og vel metnu fréttakonu. Stuttu fyrir uppsögn fór að bera á persónulegum dylgjum um hana opinberlega. Alveg burtséð frá því hvort strákaklúbburinn var að skemmta sér, eða ganga erinda eigenda fjölmiðilsins, var notað orðbragð sem ekki er notað um karla. Í umfjöllun um uppsögn hennar birtust enn á ný gömlu góðu lýsingarorðin sem konur þekkja; vandvirk, vönduð, vinnusöm, nákvæm, skylduræk-

in, o.s.frv., hugtök notuð um konur en alls ekki sem hrós við þessar aðstæður.

Svo er það Framsóknarflokkurinn. Jónína Bjartmarz dró vagninn með formanninum í Reykjavík alla kosningabaráttuna en nýliðinn Árni Magnússon fékk félagsmálaráðuneytið. Siv Friðleifsdóttir er sá þingmaður Framsóknarflokks sem ákafast hefur boðað að Framsóknarflokkurinn ætti heima á mölinni og að hann væri valkostur fyrir ungt fólk. Hún er glæsilegur fulltrúi flokksins og sá einstaki þingmaður þeirra í kjördæmi sem á mest fylgi að baki sér. Af hverju er verið að fórna Siv? Etlar Framsóknarflokkurinn að fórna gullkálfinum sínum af því það er búið að finna erfðaprins sem er ekki í öruggu sæti? Eða hvað?

Siv fékk ráðuneytið sem Framsóknarflokkurinn samdi frá sér fyrir forsætisráðuneytið og var fórnað þegar ráðherra um fækkað. Getur það verið að í harðri valdabaráttu leyfi jafnréttisráðherra og félagar hans sér að fara inn í næsta kjördæmi til að ná yfirráðum í kvenfélagi Framsóknarflokks? Sá farsí allur vakti mikla furðu og hörð viðbrögð margra. Eins og nú skuli kné fylgja kviði.

Þegar konur sækjast eftir áhrifum eða völdum vill umfjöllun um þær verða á annan veg en þegar karlar eiga í lut. Oft er það gert tortryggilegt að þær vilji völd og hvað pólitíkina varðar er rétt eins og konur séu í pólitík með öðrum formerkjum en karlar. En þær fara í pólitík til þess að hafa áhrif rétt eins og þeir. Konur eiga að sækjast eftir áhrifum og tími til kominn að konur fái völd til jafns við karla og sömu laun og þeir. Þá fyrst verða þær breytingar í þjóðfélaginu sem við viljum sjá.

Höfundur er alþingismaður Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

TILBOÐ
Rauðmagi
50 kr. stk

tilboðið gildir í dag og á morgun



- alltaf ódýrastir -

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Friðuð náttúruperla í hendur ferðabjónustunnar?
Verður Surtsey ferðamannastaður?
Framsóknarþingmaðurinn Hjálmar Árnason veltir því fyrir sér hvort gera eigi Surtsey að nýjum áfangastað ferðamanna. Er það skynsamlegt?

SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

VISIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL- SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum á endurgjald. ISSN 1670-3871



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 9.02	13.41	18.22
AKUREYRI 8.53	13.26	18.00

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 21. febrúar, 52. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	25
Akkurat	18-19
Ás	20-21
Ásbyrgi	28
Bífröst	30
Draumahús	16-17
Eignakaup	27
Eignalistinn	28
Eignam. Suðurnesja	23
Eignastýring	5
Fasteignamarkaðurinn	31
Fasteignamiðlun	29
Fasteignam. Grafarv.	29
Fasteignam. Hfj.	7
Fasteignas. Suðurl.	23
Hóll	5
Hraunhamar	8-9
Húsaland	22
Húseign	13
Höfði	26
Kjöreign	22
Lyngvík	14-15
Miðborg	12
Nethús	24
Nýtt heimili	4
Þingholt	6

SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 32

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

allt - fasteignir

hús o.fl.

Uppáhaldshús Sigga Sigurjóns BLS. 2

Hvað verður um Holdsveikraspítalann? BLS. 3

Tískufyrirbæri þessa árs BLS. 3

Garðurinn hannaður í tölvu BLS. 2

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er í gömlum stíl enda frá 1923 en íbúðin verið endurnýjuð að mestu leyti, til dæmis gler, veggir, rafmagn og lagnir að hluta.

Hæð í hjarta Hafnarfjarðar

Falleg íbúð með útsýni út á fjörðinn úr frönskum gluggum.

Til sölu hjá FMH fasteignasölu er 191,5 fermetra íbúðarhæð í miðbæ Hafnarfjarðar. Hún er í þrjú hjóla íbúða steinhúsi sem byggt var 1923 en íbúðin meira og minna öll endurgerð á sl. tveimur árum og verður tilbúin til afhendingar í maí. Húsið, sem er fjórar hæðir, stendur samsíða Listasafni Hafnarfjarðar, Hafnarborg, og er því í hjarta miðbæjarins.

Íbúðin skiptist í anddyri og hol, tvö stór svefnherbergi með útsýni yfir gamla bæinn til norðurs, stórt og glæsilegt baðherbergi með baðkari og sér sturtu, tengi fyrir þvottavél og nýlegum innréttingum. Þar er líka hjónasvita með stórum

frönskum gluggum með fögru útsýni út á fjörðinn, ásamt rúmgóðu fataherbergi. Eldhúsið er með HTH-innréttingu og AEG-tækjum.

Þaðan er opið inn í borðstofuna og stofuna, sem er um 90 fm með 4 metra lofthæð. Þar eru líka þrjú stórir franskir gluggar með sjávarsýn og útgangur út á suðursvalir. Gegnheilt eikarparkett er á öllum gólfum nema á baðherbergi, sem er flísalagt að mestu með fallegum mósaikflísum.

Íbúðinni fylgir sérbílastæði á lóð og einnig hlutfallslegur byggingarréttur. Gæludýr eru leyfð í húsinu og flestöll þjónusta er í göngufjarlægð.

Á jarðhæð hússins er snyrtistofa, rakarastofa og ljósmyndastofa en sérinnangangur er að íbúðunum. ■

LIGGUR Í LOFTINU

í fasteignum

Einingaverksmiðjan Helguvík er nýtt húseiningafyrirtæki sem er að komast á koppinn í Reykjanesbæ. Hún á að geta framleitt einingar í tvö steinhús á viku. Til að byrja með verður verksmiðjan í húsnæði Eldafis í Njarðvík en hún hefur fengið lóð fyrir 600 fermetra framtíðarhúsnæði að Berghólabraut 17. Tækjabúnaður hefur verið keyptur frá Berlín og gert er ráð fyrir að verksmiðjan hefji starfsemi í næsta mánuði.

göngustíga og leiksvæða. Þrjú fjölbýlishús eiga að rísa við Heiðargerði. Framkvæmdir eru hafnar við tvö þeirra og eiga þau að verða tilbúin næsta haust. Við Heiðardal, Miðdal og Lyngdal eiga að koma einbýlishús, parhús og raðhús og þegar hefur verið úthlutað þar tólf lóðum til einstaklinga.



Tvö einbýlishús eru í byggingu á Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu og telst það til tíðinda því ekkert hefur verið byggt á staðnum um árabíl. Nýju húsin eru úr timbri, hvort um sig tæpir 200 fermetrar að stærð með bílskúr. Tvenn hjón á staðnum standa fyrir framkvæmdunum.

Bygging 60 íbúða í Vogum á Vatnsleysuströnd er í burðarlíðnum og nýlega var skrifað undir samning við Trésmiðju Snorra Hjaltasonar ehf. um smíði þeirra, ásamt frágangi

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Tiltekt

Nú er verið á næsta leiti og um að gera að hefja vörhreinnginguna snemma í ár. Fáðu eða keyptu þér kassa og hreinsaðu allt út úr hillum og skápum. Það sem þú vilt eiga fer í kassa en það sem þú vilt ekki eiga geturðu hent. Ekki vera hrædd(ur), þú munt ekkert sakna draslsins.



Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

Fissler
pottar og pönnur
- finndu muninn!
búsáhöld

KRINGLUNNI
sími 568 6440

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

Erum að taka upp nýja sendingu

Rafmagnsgitararpakki
verð frá kr. **27.900**

Rafmagnsgítar,
magnari, poki, ól,
snúra og gitarneglur.

Þjóðlagagítar
frá kr. 14.900

Trommusett með öllu,
ásamt æfingarplötum
og kennslumyndbandi
rétt verð kr. 73.900.-
tilboðsverð kr 54.900.-

BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR



Siggi Sigurjóns veit ekkert fegurra en Hafnarfjörð og þar ber Fríkirkjan af.

Tilfinningalega tengdur Fríkirkjunni

... en kannski ekki síður Ásvöllum þar sem Haukahjart- að slær.

Sigurður Sigurjónsson leikari er innfæddur Gaflari og nefnir fyrst íþróttahemili Hauka á Ásvöllum þegar hann er spurður um uppáhaldshús í Hafnarfirði. Við nánari umhugsun skiptir hann um skoðun og vill nefna Fríkirkjuna fyrsta.

„Ef ég á að vera rómantískur verð ég að nefna Fríkirkjuna

þar sem ég er skírður, fermdur og giftur,“ segir hann. „Þetta er lítil falleg bygging á fallegum stað og svo er hún tengd mér tilfinningalega. En hjartað er auðvitað ekki síður á Ásvöllum þar sem ég hef átt ljúfar stundir með Haukunum þegar þeir mala andstæðinginn.“

Siggi segist vera „skuldlaus Gaflari“, sem þýðir að fjölskylda hans hefur búið þar kynslóð fram af kynslóð, og hann telur engan bæ fegurri né betri. „Og hef ég

þó víða farið,“ segir hann og brosir hógværu brosi. Hann viðurkennir þó að þar sem hann hafi aldei búið annars staðar sé hann kannski svolítið hlutdrægur.

„Gömlu húsin í vesturbænum í Hafnarfirði flokkast undir minn uppáhaldsarkitektúr og reyndar öll klassík íslensk byggingarlist yfirleitt. Ég bakka ekkert með það,“ segir hann hlæjandi og greinilegt að í þessu tilliti er djúpt á „Reykásnum“ hið innra. ■



Hillur inni í skápum eru afar sniðugar.

Hillur eru nýj-asta æðið

ALLTAF VANTAR PLÁSSID.

Nýjasta æðið í nútímahúsum er hillur – og nóg af þeim. Mann vantar alltaf pláss og hillurnar leysa þann vanda. Sniðugt er að byggja hillur undir stiga, fyrir ofan sjónvarp, inn í skápa og nánast hvar sem er á heimilinu.

Hillurnar eru mjög einfaldar og minimalískar og því getur hver sem er sett þær upp sem er vopnaður timburbút, hamri, hallamáli og nagla.

Garðurinn skipulagður í tölvunni heima

Ekki seinna vænna en að fara að huga að vorverkum í garðinum.

Á vefsíðu tímaritsins Better Homes and Gardens, bhg.com, er hægt að plana garðinn frá A til Ö í tölvunni. Nú er ekki seinna vænna en að fara að huga að garðinum þegar þið tekur en á vefsíðunni geturðu valið stærð á garðinum og plantað hverju sem er. Hægt er að velja um fleiri en 150 tegundir af trjám, runnum

og blómum. Einnig er nóg úrval af mublum eins og litlum húsum, grindverkum og borðum. Jafnvel er hægt að fá sér tjörn í garðinn.

Þetta er auðveld og ódýr lausn til að plana garðinn og vera viðbúinn garðverkunum og kannski kynnistu meira að segja nýjum plöntum í leiðinni. Þeir sem hafa ekki sinnt garðinum mikið hingað til geta byrjað á vefsíðunni og hægt er að bitandi fært sig upp á skaftið. ■



Nú er hægt að taka forskot á sæluna og skipuleggja garðinn heima í stofu.

Hver vill ekki hafa fallega glugga sem aldrei þarfnast viðhalds?

Hjá PGV ehf Hafnarfirði færðu hágæða viðhaldsfría PVC-u glugga á sambærilegum verðum og glugga sem þarfnast stöðugt viðhalds...

Gluggar framleiddir úr PVC GLUGGAPRÓFÍLUM



...auka gildi og þægindi eignarinnar

Hvorki fúi né ryð

engin

málningarvinna

frábær hita og hljóðeinangrun

fallegt útlit

margir opnunarmöguleikar

örugg vind og vatnsþétting

mjög hagstætt verð



PLASTGLUGGAVERKSMIDJAN
...gluggi til framtíðar

Bæjarhraun 6 220 Hafnarfjörður sími:564-6080 fax:564-6081 www.pgv.is

Hvað verður um gamla holdsveikraspítalann?

Húsið, sem er teiknað af Guðjóni Samúelssyni, er í deiliskipulagi, en lokaákvörðun er í höndum yfirvalda í Kópavogi.

Fyrir tveimur árum keypti Kópavogsbær hluta af landi Kópavogshælisins af ríkinu og í kjölfarið var efnt til samkeppni meðal arkitekta um deiliskipulag svæðisins. Benjamín Magnússon arkitekt vann þá samkeppni og samkvæmt tillögum hans fellur gamla Holdsveikrahælið á lóðinni að því skipulagi.

Húsið er hið merkilegasta, teiknað af Guðjóni Samúelssyni arkitekt, en það var kvenfélagið Hringurinn sem stóð að byggingu þess árið 1926. Þá var það hugsað sem hressingarhæli fyrir berkla-sjúklinga í Kópavogi. Á hælinu voru rúm fyrir 24 sjúklinga en upphaflega var ætlunin að vista þar einkum sjúklinga í afturbata, sem höfðu ekki náð fullri heilsu og þöndu ekki erfiðisvinnu. Vegna skorts á aðstöðu fyrir berkla-sjúklinga varð Kópavogshæli almennt berklahæli, líkt og Vífilsstaðir og Kristnes. Þegar herinn kom til landsins árið 1940 tók hann Holdsveikraspítalann í Laugarnesinu til eigin nota og sjúklingar þar voru vistaðir á berklahælinu. Þeir sem voru í Kópavoginum voru ýmist fluttir á Kristnesspítala eða Vífilsstaði. Síðustu holdsveikisjúklingarnir létust árið 1970 og síðan hefur lítil starfsemi verið í húsinu.



Gamli Holdsveikraspítalinn á lóð Kópavogshælisins er virðuleg bygging, teiknuð af Guðjóni Samúelssyni. Húsið hefur staðið óntað um árabíl og ekki er vitað hvort það fær að standa í nýju deiliskipulagi.

Benjamín segir enn of snemmt að segja til um örlög hússins. „Í þeirri tillögu sem ég lagði fram á sínum tíma er get ráð fyrir að þetta hús muni standa áfram. Það eru hins vegar

fleiri aðilar sem koma að þeirri ákvörðun og meta hvað er skynsamlegt að gera. Húsið hefur staðið óntað um árabíl og það er töluverð vinna að gera það upp. Í mínum drögum var eingöngu

gert ráð fyrir þeim möguleika að húsið gæti staðið áfram, en ekki í hvaða samhengi. Það er yfirvalda að taka ákvörðun um það og ætla húsinu eitthvert hlutverk í framtíðinni.“ ■

Stækkaðu baðherbergið

Ljósir litir eru allsráðandi í hefðbundnum baðherbergjum.

Ef þú villt hafa allt hvítt í baðherberginu er gott að bæta nokkrum hlutlausum tónum við til að stækka baðherbergið aðeins og hafa meiri stíl yfir því.



Rendur úr tveim hlutlausum tónum eru einföld og góð leið til að skapa sjónhverfingu og stækka herbergið. Þá býr herbergið samt yfir rólegum blæ sem litirnir skapa en rendurnar skapa líka dýpt án þess að veggurinn sé ofhlaðinn. ■

Pússum dyraplötturnar

Gott er að nota bílabón til að fá fallega áferð.

Oft mæðir mikið á dyraskiltum sem hengd hafa verið upp við úti-dyr húsa. Á þau sest selta og önnur óhreinindi sem fylgja íslenskrí veðráttu. Ef þau eru úr látúni eða kopar er ágætt ráð að þrifa hann með því að þvo flötinn vandlega upp úr volgu sápuvatni og pússa hann á eftir með þurrum og hreinum klút. Síðan er gott að bera á hann bílabón og fægja hann þar til hann verður spegilgljáandi. Þá er líka komin góð hlífðarhúð sem ver fyrir veðri. ■

[Tískan...]

...í byggingarstíl árið 2005

Byggingarstíll fylgir tískustraumum eins og hvað annað. Spekingar eru náttúrulega búnir að spá hvað mun verða inni fyrir árið 2005 og er margt leyfilegt í þeim efnum.



• Stærðin skiptir máli. Fleiri og fleiri vilja frekar vandað hús og vandaðan frágang en mjög stórt hús. Margir minnka við sig til að fá betra hús og það verður örugglega framhald á því á þessu ári.

Lítill hús eru úti árið 2005.

• Sérstök geymsla. Hvað er það nauðsynlegasta á nýjum heimilum? Það er ekki flatskjár eða risastór bílskúr heldur búr sem lætur lítið fyrir sér fara. Húskaupendur vilja alveg fórn einu horni ef þeir fá góðan svefnstað fyrir dósamatinn sinn.

• Verslað á netinu. Fleiri húskaupendur nota netið til að finna sér húsnæði heldur en dagblöðin. Innan skamms munu flestir nýta sér þessa tækni enda afar hentugt ef fólk kann vel á internetið.



Fasteignavefir á netinu njóta sífellt meiri vinsælda.

• Vírar, vírar, vírar. Nú þarf að hafa allar tengingar í huga þegar nýtt hús er byggt eða lappað upp á það gamla. Það þarf að áætla fyrir heimaskrifstofu, öryggis-kerfi eða heimabíói í nútíma húsi því það er aldrei að vita hve ört tækninni fleytir fram.

• Stálgólf. Nýjasta nýtt í nýbyggðum húsum er stálgólf og eykur það teygjanleika á högun herbergja.



• Inni og úti. Húseigendur sinna garðinum sínum nú jafnmikið og húsinu sínu. Fólk lætur jafnvel eldunaraðstöðu og sófa út á verönd eða út í garð hjá sér. Einnig leikur fólk sér mikið með vatni og er hægt að skreyta garðinn á ýmsa vegu með vatninu einu saman.

Fólk leggur jafnmikla áherslu á að hafa garðinn snyrtilegan eins og heimilið.

ALNO®



Láttu þér líða vel með ALNO®



Sýningarinnréttingar til sölu 30-50% afsláttur

PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BÍD • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

OPPIÐ Virka daga kl. 10 - 18 Laugardaga kl. 11 - 14

fasteignasala
www.nytt.is

0 | 200 kópavogur

Þóráður Pétur Jónsson lögg. fasteignasalar
t.is | sími: 414 6600 | fax: 414 6601

6600



13 Reykjavík

býlishús á tveimur hæðum á
í Grafarholti. Sérsmíðaðar
gnheilt parket og viðarklædd loft.
í yfir golfvöllinn.
ís golfarans.



15 Reykjavík

nytt >



Sólarsalir - 203 Kópavogur

Glæsileg 3ja herbergja neðri hæð í fallegu sex íbúða
húsi. Sér inngangur, fallegar innréttingar úr
kirsuberjavið, merbauparket á gólfum, flísar á baði
hornbaðkar með nuddi. Hér er um að ræða fallega eign
á barnvænum stað

Verð 21,9 millj.

nytt >



Nýbýlavegur - 200 Kópavogur

Góð 2ja herb 55,1 fm íbúð í 5-íbúða nýlegu húsi við
Nýbýlaveg í Kópavogi. Falleg eign á góðum stað.

Verð 12,7 millj.

nytt >



3ja >



Kríuhólar - 111 Reykjavík

Falleg 3ja herb. íbúð á 7. hæð í vel við höldnu
fjölbýlishúsi við Kríuhóla. Nýtt parket, nýjar
hurðir og skápar. Húsið er áklætt að utan og
sameign öll eins og best verður á kosið. **Verð
14,4 millj.**



Afhending í apríl 2005 Álfkonuhvarf - 203 Kópavogur

3ja herbergja 88,2 fm íbúð með stæði í
bílageymslu ásamt 7,6 fm geymslu í kjallara,
samtals 95,8 fm. Íbúðin skilast fullbúin að
innan án gólfefna.

Verð 18,6 millj.

4ra >



Kríuhólar - 111 Reykjavík

5 herb. 95,7 fm íbúð á efstu hæð í 8 hæða, vel
við haldinni blokk við Kríuhóla í Breiðholti.
Íbúðin er í ágætu ástandi og sameign eins og
best verður á kosið. **Verð 15,8 millj.**



Afhending í apríl 2005 Álfkonuhvarf - 203 Kópavogi

4ra herbergja 120,5 fm íbúð með stæði í
bílageymslu ásamt 7,3 fm geymslu í kjallara,
samtals 127,8 fm. Íbúðin skilast fullbúin að
innan án gólfefna.



eignastýring.is

Síðumúli 27

108 Reykjavík

Sími 534 4040

Fax 534 4044

**Erlendur
Davíðsson**

Lögg. fasteignasali
og verðbréfamíðlari



Jón Valdimarsson
Hrönn Laufdal



**KLEPPSVEGUR,
REYKJAVÍK.**

2.
er
ú
agða
gt
ferð

Mjög falleg 5 herbergja auk herbergis í kjallara með hlutdeild í baðherbergi, alls 128,7 fm. að stærð. Íbúðin er vel innréttað, með nýlegri eldhúsinnréttingu, flísalögðu endurnýjuðu baðherbergi og með parketi á gólfum. Seljandi leitar að 2-3ja herbergja íbúð með bílskýli miðsvæðis í Borginni. Verð kr. **18.900.000**

**SÉRHÆÐ Í HEIMAHVERFI,
REYKJAVÍK.**

fæst
0 fm.
skúr á

Aðili með 138,0 fm. sérhæð í Heimahverfi leitar að raðhúsi við Sæviðarsund, Reykjavík eða nágrenni þess.

U OG IÐNAÐARHÚSNÆÐI.

ofu og iðnaðarhúsnæði miðsvæðis fyrir fjárfesta.

**DALSEL,
REYKJAVÍK.**

Mikið endurnýjuð 50 fm. 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjöleignahúsi. Eignin skiptist í flísalagða forstofu, flísalagt eldhús með nýrri innréttingu, flísalagt baðherbergi, parketlagt svefnherbergi og teppalagða stofu. **Verð kr. 9.900.000.**



**ÁLFTAMÝRI,
REYKJAVÍK.**

Góð 3ja herbergja 75 fm. íbúð á 3. hæð. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Húsið ný viðgert að utan og málað. **Verð kr. 15.500.000.**

**REYKIR AXELSHÚS,
HVERAGERÐI.**

Glæsilegt 350 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á einstökum útsýnisstað við Varmá í Hveragerði. Húsið er smekklega innréttað, telur m.a. sex herbergi með baðherbergjum, þrjár stofur, eldhús, þvottaherbergi og fundarherbergi. Fallegur ræktaður garður með heitum potti. Hús sem bíður upp á mikla möguleika. **Verð kr. 50.000.000.**

**SUMARBÚSTAÐIR TIL
FLUTNINGS**

Erum með á söluskrá okkar sumarbústaði til flutnings sem byggðir verða samkvæmt samkomulagi kaupenda og byggingaraðila. Teikningar af bústöðunum eru mjög fallegar og er val um nokkrar stærðir. Verðið er afar hagstætt. Byggingaraðili getur haft milligöngu með flutning og eins að koma bústaðinum fyrir á lóðarspildum kaupenda.

**NORÐURNES,
SUMARBÚSTAÐUR.**

Um er að ræða mjög fallegan sumarbústað í Kjósinni, sem er 38,0 fm. að stærð auk svefnlofts. Bústaðurinn er áklætt timburhús á steiptum grunni, panelklæddur að innan með parketi á gólfum. Falleg ræktað lóðarspilda með veröndum og heitum potti. **Verð kr. 7.800.000.**

**EINBÝLI Í VOGA EÐA
SUNDAHVERFI,
REYKJAVÍK.**

Vantar gott einbýlishús fyrir mjög ákveðinn kaupanda á þessu svæði, er sjálfur með sérhæð auk bílskúrs í Vogunum sem gæti gengið í skiptum þó ekki skilyrði.

Vantar í Hraunbæ, Reykjavík.

Leitum að 4ra herbergja íbúð í Hraunbæ.

Sími **534 4040**

í á sjávarlóð
æðis í Reykjavík

æsilegt einbýli á einstökum
Reykjavík

Leitum eitt af áhugaverðari einbýlishúsum borgarinnar.



PINGHOLT

Sími 590 9500

Borgartún 20, 105 Reykjavík

Ella Lilja Sigursteinsdóttir lögg. fasteignasali



OPÍÐ VIRKA DAGA 9.00-18.00, FÖSTUDAGA 9.00-17.00 OG Á LAUGARDÖGUM 12.00-14.00



Þorarrinn Kópsson
Frnkvsstjóri



Kjartan Kópsson
Sölumaður



Páll Valdimar Kolka
Sölumaður



Skúli A. Sigurðsson
Sölumaður



Skúli Þór Sveinsson
Sölumaður

LANDIÐ



GRÆNIBAKKI 465 BÍLDUDAL
Fjögurra herbergja 104 fermetra einbýlishús.
B.B.Mat: 12.102.000
Fasteignamat: ... 3.142.000
Ásett verð: 4.500.000

RAÐ- OG PARHÚS



MELBÆR 110 REYKJAVÍK
302,3 fermetra tveggja íbúða raðhús á góðum stað í árbænum.
B.B.Mat: 32.657.000
Fasteignamat: ... 26.424.980
Ásett verð: 42.000.000



LAUGARNESVEGUR 105 REYKJAVÍK
150 Fermetra fjögurra herbergja sérhæð á annari hæð ásamt 28 fm bílskúr. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stórt eldhús.
B.B.Mat: 19.986.000
Fasteignamat: ... 20.386.000
Ásett verð: 26.500.000

ATVINNUHÚSNÆÐI



TIL LEIGU GLÆSILEGT SKIFSTOFUHÚSNÆÐI Í SKÓGARHLÍÐ

Húsnæðið er loftræst, bjart og huggulegt í nýju húsi. Auðvelt er að hólfa húsnæðið niður ef með þarf. Allar lagnatengingar fyrir tölvur og síma eru til staðar. Góð bílastæði fyrir starfsmenn og viðskiptavinum. Fullbúið húsnæði sem telst vera 934,7 m². Skrifstofuhúsnæði á 3. hæð fyrir

allt að 50 vinnustöðvar í opnu rými ásamt ljósritunaraðstöðu og snyrtingum Aðgangur að mótuneyti, fjórum fundarherbergjum, kaffiáðstöðu og bílageymslu. Skrifstofuhúsnæðið á 3. hæð er 652,5 m². Herbergi á 1. hæð er 32 m² og síðan geymsla á 1. hæð 10,2m². Ásamt hlutdeild í sameign. Hægt er að fá margháttaða þjónustu í húsinu m.a.: Móttöku og símsvörum, póst-, tölvu, lögfræði-, bókahalds og ræstingarþjónustu. Nánari upplýsingar hjá PINGHOLTI sími: 590-9500 Borgartúni 20 105 Reykjavík

EINBÝLI



KRÍUNES 210 GARÐABÆTveggja íbúða 421 fermetra gott einbýlishús á þessum vinsæla stað.
B.B.Mat: 42.476.000
Fasteignamat: ... 39.250.000
Ásett verð: 56.500.000

4RA TIL 7 HERB.



HRINGBRAUT 230 REYKJANESBÆ101 fermetra fjögurra herbergja íbúð á annari hæð
B.B.Mat: 12.164.000
Fasteignamat: ... 8.917.000
Ásett verð: 10.500.000

3JA HERB.



RAUÐALÆKUR 105 REYKJAVÍKFalleg 83 fm þriggja herbergja íbúð í kjallara við Rauðalæk í Reykjavík. Stutt í íþróttu og tómstundasvæði í Laugardalnum. Hús í góðu standi. Laus við kaupsamning. Verð 14,9 mill

SUMARBÚSTAÐIR



Til sölu sumarhús sem hafa fengið nafnið SPOTI. Húsin eru 26 fm að flatarmáli auk svefnlofts, þeim verður skilað fullbúnum að utan einangruðum, með vönduðum gluggum, hurðum og gólfi. Verð 2,5 millj.

Álfkonuhvarf



Pingholt í samvinnu við Hákot Akranesi kynna:

Íbúðir í byggingu við Álfkonuhvarf: Íbúðirnar, sem eru þriggja og fjögurra herbergja í þriggja hæða lyftuhúsi með bílageymslu. Íbúðirnar skilast fullfrágengnar, en án gólfefna að undanskildu baðherbergi þar sem flísalagt er í hólfi og gólf. Milliveggir eru gipsklæddir, baðherbergis og þvottahússveggir eru klæddir rakabólnu gipsi. Í eldhúsi er eikarinnrétting og tæki í eldhúsi eru úr burstuðu stál. Í hjóna og barnaherbergjum eru eikarskápar. Þvottahús verður með tengingu fyrir þvottavél og ræstingarvask. Lóð er fullfrágengin, bílastæði malbikuð og gönguleiðir hellulagðar.

220 Hfj: Fallegar íbúðir í fjölbýli

Engjaveilir 3: Fjórar fjögurra herbergja og tvær fimm herbergja íbúðir.

Lýsing: Til sölu eru sex íbúðir í fallegu fjölbýli sem er í byggingu í Vallahverfinu í Hafnarfirði. Íbúðirnar eru allar með séringgangi og sérgeymslu. Þær verða afhentar í febrúar eða mars árið 2006, fullbúnar án gólfefna nema baðherbergi og þvottahús verða flísalögð. Hægt verður að velja um þrjár til fjórar viðartegundir á innréttingum. Eldhús verða búnin vönduðum tækjum.



Svona kemur húsið að Engjavöllum 3 til með að líta út sumarið 2006.

Annað: Lóð og göngustígar afhendast frágengin og bílastæði malbikuð. Í húsinu eru fjórar fjögurra herbergja og tvær fimm herbergja íbúðir.

Fasteignasala: Ás Verð 24,5-27,0 millj. **Fermetrar:** 137-150

Úti: Húsið er klætt að utan með liggjandi stálklæðningu, palesander viðarklæðningu og múrklæðningu. Það er á þremur hæðum og nánast viðhaldsfritt.

109 Rvk: Eign á friðsælum stað

Kleifarsel 45: Parhús og sérstæður bílskúr.

Lýsing: Forstofa með flísum á gólfi og fataskáp. Þvottahús með dúkflísum á gólfi, innréttingu og hillum. Gestasnyrting með korkflísum á gólfi. Hol með parketti á gólfi. Borðstofa og stofa með parketti á gólfi. Stór verönd. Eldhús með korkflísum á gólfi, fallegri innréttingu, flísum á milli skápa og borðkrók. Betri stofa með útbyggingu og teppi á gólfi og er útbyggingin gluggabygging með panelklætt loft og hurð út í garðinn. Hol á efri hæð með teppi á gólfi. Herbergi undir súð með parketti á gólfi, skáp og tveimur þakgluggum. Tvö herbergi undir súð með parketti á gólfi, gafflugga og þakglugga og er skápur í öðru. Svefnherbergi undir súð með kvist og parketti á gólfi, skáp og góðum svölum.



Húsið er á góðum og friðsælum stað í Seljahverfinu.

Baðherbergi með korkdúk á gólfi, innrétting, baðkar, sturtuklefi og gluggi.

Annað: Bílskúrin er sérstæður með millilofti, heitu og köldu vatni og rafmagni.

Fasteignasala: Lyngvík. **Fermetrar:** 179, 6. **Verð:** 31,2 milljónir.

Biðskýli í stað skiptistöðvar

Stöðin í Kópavogi hættir að vera skiptistöðvar

Skiptistöðin á Kópavogshálsi, sem brann í síðustu viku, var byggð til bráðabirgða um miðjan áttunda áratuginn og var fyrirsjáanlegt að hún myndi vikja, er haft eftir Pétri Fenger, aðstoðarframkvæmdastjóra Strætó, á heimasíðu Strætó, straeto.is. Nú er verið að byggja yfir gjána milli brúnna og þegar þeim framkvæmdum lýkur á næsta ári kemur ný varanleg aðstaða fyrir farþega þar. Nýtt leiðakerfi verður tekið upp 12. júní næstkomandi og þá hættir þessi stöð í Kópavogi að vera endastöð. Enn fremur verður undirgöngum sem tengjast skiptistöðinni verði jafnframt lokað vegna framkvæmda við nýbygginguna yfir gjána. ■



Eiður Arnarson

Viggó Jørgensson
lögg. fasteignasali

Sigursveinn Jónsson



Geir Þorsteinsson



Sonja Magnúsdóttir

Strandgötu 41 - 220 Hafnarfjörður - www.fmh.is

OPIÐ VIRKA DAGA 9.00 - 18.00

HÆÐIR



STRANDGATA - 220 HAFNARFIRÐI
Stórglæsileg 191 fm íbúðarhæð á 3. hæð (2 hæðir upp) í steinhúsi í hjarta Hafnarfjarðar. Íbúðin er öll endurgerð að innan sl. 2 ár s.s. veggir, rafmagn, ofnalagnir, gólfefni, stórglæsilegt baðherbergi, o.fl. o.fl. Þrjú stór svefnherbergi. U.þ.b. 90 fm stofur og eldhús. Til búin til afhendingar í maí 2005. Skoðið nánari lýsingu og myndir á fmh.is.
VERÐ TILBOÐ

HÆÐIR



NORÐURBRAUT - 220 HAFNARFIRÐI
Glæsileg 112,2 fm sérhæð auk geymslu á kyrrátum stað í vesturbæ Hafnarfjarðar. Parket og flísar á gólfum. Rúmgott eldhús með góðri innréttingu. Tvö stór barnaherbergi og stórt hjónaherbergi með góðum skápum. Sérlega falleg suður hraunlóð. Eign sem vert er að skoða.
Verð 21,9 Millj.

2JA HERB.



KLUKKUBERG - 221 HAFNARFIRÐI
Glæsileg 60,7 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með einkaverönd. Vandaðar innréttingar, flísar og eikarparket á gólfum.
Vönduð eign í alla staði.
SÉR INNGANGUR, EINKAVERÖND.
FRÁBÆRT ÚTSÝNI.
Verð 12,9 millj.

ATVINNUHÚSNÆÐI



SKÚTAHRAUN - 220 HAFNARFIRÐI
Ca 290 fm iðnaðarhúsnæði með tvær 5 metra háar innkeyrsludyr í sitt hvorum enda húsnæðis. Húsnæðið skiptist þannig að gólfloftur jarðhæðar er 200 fm og tvískipt milli loft er u.þ.b. 90 fm. Húsnæðinu er skipt í tvennt í dag og er tilvalið til útleigu en lítil aðgerð er að breyta því aftur í eina heild. Húsnæðið er vel staðsett í þekktu iðnaðarhverfi og aðkoma góð.
Hagstætt verð 20 millj.

NÝJAR ÍBÚÐIR AÐ DAGGARVÖLLUM 6 HAFNARFIRÐI

Steinað fjölbýlishús á þremur hæðum með 28 íbúðum



ADEINS 4 ÍBÚÐIR EFTIR



Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar, en án gólfefna nema flísar á baði og sérþvottahúsi. Vandaðar innréttingar. Öll sameign frágengin. Til afhendingar frá 1. júní 2005.

Frábær staðsetning, stutt í leikskóla, grunnskóla, íþróttir og aðra þjónustu sem býðst á svæðinu. Teikningar og skilalýsing á skrifstofunni okkar að Strandgötu 41 í gamla í Skálanumí

VERÐ:

3ja herbergja íbúðir 105,9 fm 107,8 fm kr. 19,8 millj. - 20,3 millj.

3ja - 4ra herb. íbúðir 87,6 fm 87,6 fm kr. 16,9 millj. - 16,9 millj.

4ra herbergja íbúðir 92,4 fm 110,0 fm kr. 17,8 millj. - 20,7 millj.

MJÖG TRAUSTUR BYGGINGAVERKTAKI

100% ÖRYGGI • ALLIR FJÁRMUNIR VIÐSKIPTAMANNA Í UMSJÁ BANKASTOFNANA
MIKIL SALA • VANTAR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ • PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA ALLA LEIÐ!

» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA

FÖSTUDAGUR

LAUGARDAGUR

SUNNUDAGUR

MÁNUDAGUR

ÞRIÐJUDAGUR

MIÐVIKUDAGUR

FIMMTUDAGUR

BIFRÖST fasteignasala
Brú milli kaupenda og seljenda
Vegmúla 2 • Sími 533-3344 • Fax 533-3345

TRAUST OG
VÖNDUÐ
VINNUBRÖGÐ Í
10 ÁR

SKRÁÐ
EIGN
ER SELD
EIGN



Starfsmenn
Hraunhamars kunna að
meta eignina þína!

HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

Fasteignasala
snýst ekki bara
um fasteignir...
...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

GARÐABÆR

Móaflöt - raðh - Gbæ.



Nýkomið í einkasölu skemmtilegt einlyft endaradhús m/innbyggðum bílskúr samtals 178 fm. Bílskúr er innréttadur sem hluti af íbúð. 5 svefnherbergi, rúmgóðar stofur arinn ofl. Eignin þarfnast lagfæringar og endurnýjunar við að hluta. Nýlegt þak. Ræktaður garður, góð staðsetning. Verð 31,5 millj. 108954

Móaflöt - einb. - Gbæ.



Nýkomið í einkasölu sérlega fallegt einlyft einbýli með innbyggðum tvöföldum bílskúr, hús 136,5 fm bílskúr 50,4 fm samtals 186,9 fm. Tvöfaldur bílskúr með sjálfvirkum opnara. Mjög fallegur garður, frábær staðsetning. Góð eign. Verð 38 millj. 108488

Hrísmóar - 2ja-3ja herb. - Gbæ



Nýkomin sérlega falleg 2-3ja herbergja 77 fm. íbúð á efstu hæð í litlu góðu fjölbýli á þessum vinsæla stað. Íbúðin er í dag 3ja herb. Nýstandsett baðherbergi. Parket á gólfum. Falleg eign. Verð 15,4 millj. 109016

Lyngmóar - 2ja - Gbæ. m/bílskúr



Nýkomin í einkasölu mjög falleg 68,4 fermetra 2ja herbergja íbúð á efstu hæð ásamt 16,9 fermetra bílskúr samtals um 85,2 fermetrar vel staðsett við Lyngmóa í Garðabæ. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, herbergi, baðherbergi, geymslu og bílskúr. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Góðar suður svalir.

Verð 15,9 millj. 109060

Laus strax.

Hraunbær - 3ja - Rvík.



Vorum að fá í sölu nýuppgerða íbúð á þessum vinsæla stað í Árbænum. Íbúðin er 87 fm. auk geymslu. Skipting eignar: 2 svefnherbergi, mjög rúmgóð stofa, eldhús m/nýrri innréttingu. Baðherbergi að mestu endurnýjað. Þvottahús og geymsla í sameign. Eign sem vert er að skoða. Verð 16,4 millj. 107250

Nýlendugata - 3ja - Rvík



Sérlega falleg 3ja herbergja íbúð, neðri sérhæð í tvíbýli m/sérinngangi á þessum vinsæla stað. Skipting eignar: 2 góð svefnherbergi, eldhús og stofa í sama rými. Nýuppgerð baðherbergi. Sameiginlegt þvottahús. Geymsla. Eign sem vert er að skoða. Verð 13,7 millj. 109098

HESTHÚS

Heimsendi 1 Kópavogi



Nýkomið sérlega gott 14 hesta hús með haughúsi, samtals 180 fm. Sérgerði, hitatúba. endabil. Laust strax. Verð 10,3 millj. 107231 Myndir á mbl.is og hraunhamar.is

Goðholt 1 - Kópavogi



Nýkomið í einkasölu nýtt sérlega gott 8 hesta hús (endi) með sérgerði ofl. Fullbúð, vélmök. Góð staðsetning. Verð 6,7 millj.

Hlíðsnes - Álftanesi náttúruperla



Höfum fengið til sölu meðferðar þessa glæsilegu húseign. Eignin sem er 280 fm með innbyggðum bílskúr stendur á 1 hektara eignarlandi á sjávarlóð við Skógtjörn. Einstök staðsetning og náttúrufegurð. Tilvalið fyrir hestamenn og aðra náttúruunnendur. Hús í toppstandi að utan sem að innan. Verð og allar upp lýsingar veita sölumenn Hraunhamars. 55488

Birkiholt - Álftanesi - 2ja herb.



Nýkomin í einkasölu falleg 76,2 fermetra íbúð með sér inngang á annari hæð vel staðsett við Birkiholt í Bessastaðahreppi. Eignin skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og geymslu. Góðar svalir og gott útsýni. Fallegar innréttingar og gólfefni eru flisar. Verð 14,9 millj. Myndir af eigninni á mbl.is. 96215

Arnarhraun - Hf. - 3ja herb.



Vorum að fá í sölu á þessu vinsæla svæði í Hafnarfirði tvær íbúðir stærðir 104,1 og 113,5 fm. 3ja herb. Þær eru báðar á jafnhæð, gott aðgengi. Mjög góð staðsetning. Mikil lofthæð. Íbúðirnar skilast fullbúnar með gólfefnum. Verð 16,1 og 17,5 millj. 107882

Gauksás - Hf glæsilegt



Nýkomið í einkasölu glæsilegt tvílyft einbýli með innbyggðum bílskúr samtals 310 fm. Húsið afhendist fullbúð að utan, fokhelt að innan eða lengra komið. teikningar á skrifstofu. Frá bært útsýni. Verð 38 millj. 108931

Lækjargata - einb. - Hf.



Vorum að fá í sölu þetta glæsilega hús á einstökum stað við hamarinn. Húsið er 162 fm og er á þremur hæðum. Skipting eignar: 3 svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, hol, sólstofa, gestasalerni, baðherbergi, þvottahús, geymslu, einnig er heitur pottur, grillastaða og geymsla fyrir eldivið. Bílskúrsréttur. Húsið liggur ofarlega í lóðinni gengt gamla Lækjarskólanum. Gólfefni eru: parket, flisar, dúkur og teppi. Lóðin er velfrágengin og er hellulagt bílastæði fyrir framan húsið. Bílskúrsréttur fylgir eigninni. Húsið litur mjög vel út, mikið endurnýjað. Skolp endurnýjað út í götu, Þetta er frábær eign á einstökum stað í raun eins og sveitasæla. Eign sem vert er að skoða. Verð 29 millj. 109029

Hringbraut - 4ra m/bílgeymslu



Nýkomin í einkasölu 105,6 fm. 4ra herbergja íbúð á fyrstu hæð með sér inngang og stæði í bílageymslu í suðurbæ Hafnarfjarðar. Eignin skiptist í forstofu, hol, tvö barnaherbergi, baðherbergi, hjónaherbergi, þvottahús og geymslu. Á efri hæð er eldhús borðstofa og stofa. Stæði í bílageymslu. Verð 19,9 millj. 50471.

Laus strax.

Burknavellir - Hf. - 4ra m/bílageymslu



Nýkomin í einkasölu mjög falleg ný 102 fermetra 4. herb. íbúð með sér inngang á þriðju hæð í góðu klæddu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu vel staðsett á Völlum í Hafnarfirði. Eignin skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, tvö góð barnaherbergi, hjónaherbergi, stofu, eldhús, þvottahús og geymslu. Innréttingar eru allar úr eik og gólfefni eru parket og flisar. Verð 20,5 millj. 105375

Burknavellir - 2ja - Hf.



Nýkomin í einkasölu mjög falleg 77,3 fermetra 2-3ja herbergja íbúð með sér inngang vel staðsett í Vallarhverfi í Hafnarfirði. Eignin skiptist í forstofu, hol, herbergi (geymsla á teikningu), eldhús, baðherbergi, stofu og hjónaherbergi. Fallegar innréttingar og gólfefni eru parket og flisar. Góð verönd. Verð 16 millj. 108915

Daggarvellir Hf. 3ja m. bílskýli



Nýkomin í einkasölu mjög falleg 98 fm íbúð á annari hæð í nýju lyftuhúsi, íbúðin afhendist í júní n.k. fullbúin án gólfefna, lóð frágengin. Bílskýli fylgir. Verð 18,7 millj. 108931

5-7 HERB. & SÉRHÆÐIR



Strandgata - Hf. Ný komið í einkasölu fasteignin að Strandgötu 19 Hafnarfirði. Húsið er með reisulegri eldri húsum í bænum hæð, ris og viðbygging samtals um 287 fermetrar. Eignin þarfnast verulegra lagfæringa. Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi. 105470



